


Hlutfall reksturs fræðslumála  
af heildarrekstri málaflokka  
Reykjavíkur árið 2000.  
Heimild: Borgarbókhald.



# Efnisyfirlit

Ávarp formanns fræðsluráðs .....	7
Sjónarhorn fræðslustjóra.....	8
<b>1 Fræðsluráð Reykjavíkur .....</b>	<b>10</b>
<b>2 Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.....</b>	<b>11</b>
Skrifstofa fræðslustjóra.....	12
Fjármálasvið .....	12
Þjónustusvið.....	12
Þróunarsvið .....	13
Umboðsmaður foreldra og skóla .....	14
Skólasafnamiðstöð .....	15
Kynnisferðir .....	15
Þjónusta við skóla vegna einstakra nemenda eða nemendahópa .....	16
<b>3 Grunnskólar Reykjavíkur .....</b>	<b>22</b>
Fjöldi skóla og hverfaskipting .....	22
Nemendafjöldi .....	24
Skólastarf .....	27
Önnur þjónusta í grunnskólum .....	37
Starfsmenn skóla .....	39
Húsnæði og búnaður .....	48
<b>4 Styrkir og verðlaun .....</b>	<b>53</b>
Barnabókaverðlaun fræðsluráðs .....	53
Almennir styrkir fræðsluráðs á sviði menntamála .....	53
Þróunarsjóður grunnskóla Reykjavíkur .....	53
<b>5 Listaskólar og fullorðinsfræðsla.....</b>	<b>55</b>
Skólahljómsveitir.....	55
Listaskólar .....	55
Námsflokkar Reykjavíkur.....	55
<b>6 Ársreikningur     Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur 2000.....</b>	<b>58</b>
<b>7 Útgáfur og viðburðir .....</b>	<b>62</b>
<b>8 Grunnskólar Reykjavíkur - yfirlit.....</b>	<b>64</b>



# Ávarp formanns fræðsluráðs



Ársins 2000 verður eflaust minnst á margan hátt þegar fram líða stundir, en í mínum huga ber hæst menningarborgarárið og verkefnið „listamenn í skólum“. Það var stórkostlegt að verða vitni að þeim krafti, dugnaði og sköpun sem átti sér stað úti í skólunum. Það voru svo fjölbreytt verkefni sem unnin voru af listafólkinu og nemendum. Stundirnar úti í skólunum þegar listaverkin voru afhjúpuð og foreldrar fengu að sjá afraksturinn eru ógleymanlegar. Ungir nemendur að draga mömmu og pabba að verkinu og sýna hvað þeir hafa gert. Þetta er eitthvað sem býr með þessum börnum alla tíð og listaverk standa eftir og prýða ganga, sali og lóðir skólanna. E.t.v. var það táknrænna en við gerðum okkur grein fyrir að opna menningarborgarárið 29. jan. 2000 með því að kveikja á vita, listaverki eftir ítalska listamanninn Claudio Parmiggiani úti í víðáttunni við Sandskeið. Sú stund var reyndar afar mögnuð, um sama leyti og kveikt var á listaverkinu braust sólin yfir Vífilfellið og gyllti allt miðsvetrarumhverfið. Verkefninu lauk með glæsilegri uppskeruhátíð í leiklistarsal Listaháskólans í Reykjavík í byrjun desember.

Störf fræðsluráðs voru með hefðbundnum hætti og eðli málsins samkvæmt var undirbúningur að starfsáætlun fyrirferðarmestur í tíma talið, enda birtast í starfsáætlun allar helstu áherslur málaflokksins fyrir komandi fjárhagsár. Á vormánuðum voru kynntar tvær Gallup-kannanir í fræðsluráði, annars vegar um þjónustu Fræðslumiðstöðvar við skóla og hins vegar viðamikil könnun meðal foreldra um þjónustu skóla barna þeirra og almennt um skólastarfið í borginni. Þetta voru hvoru tveggja mjög upplýsandi niðurstöður og gott hvað foreldrar almennt voru ánægðir með skólana. Þá nýttist könnun meðal skólafólksins um starfsemi Fræðslumiðstöðvar vel í úttekt og endurskipulagningu á henni, en nýtt skipurit fyrir Fræðslumiðstöð var samþykkt í borgarráði í október. Byggingamál skóla voru mjög fyrirferðarmikil á fundum ráðsins þetta skólaárið, þar sem verið var að leggja lokahönd á undirbúning að einsetningu síðustu skólanna. Allir skólar borgarinnar verða einsettir 2002. Jafnframt þessu mikla byggingarátaki vegna einsetningar er einnig verið að byggja nýja skóla, þar sem nemendum okkar fjölga mikið þessi árin. Skólabörnum fjölgaði um 250 milli skólaára. Aukningin er af tvennum toga. Það eru mjög stórir árgangar að koma inn í skólana, þannig að skólanemendum yfir landið fjölga um 2500 nemendur fram til 2004-2005 en síðan fer að fækka aftur. Hinsvegar fjölga nemendum í Reykjavík einnig vegna aðflutnings fólks frá landsbyggðinni og ekki síður er mikil aukning erlendis frá, bæði eru Íslendingar að koma heim eftir langa dvöl erlendis og síðan okkar erlendu nýju landar.

Ákveðið var á árinu að stofna tvíburaskóla úr Hlíðaskóla og Vesturhlíðarskóla og að tillit yrði tekið til þess við hönnun á viðbyggingu við Hlíðaskóla. Sú ákvörðun var tekin í mars að koma upp í áföngum framleiðslueldhúsum í skólum borgarinnar og fyrst yrði byrjað á að bjóða yngstu aldurshópnum upp á heitan mat að minnsta kosti 2-3 daga í viku. Þá var samþykkt á vordögum stefna um málefni nýbúa og var hún lögð inn í sameiginlega stefnumörkun borgarinnar í málaflokknum. Á haustdögum var síðan gengið til samninga við Línu.net um ljósleiðarakerfi fyrir grunnskólana, sem um 100 faldar flutningsgetuna. Þetta verður algjör bylting fyrir allt skólastarf t.d. varðandi upplýsingaöflun. Það er ánægjulegt að geta bent á hverju ári á fjölmörg framfaraspor sem stigin eru til eflingar skólastarfi en mikilvægast af öllu er samvinna allra hlutaðeigandi aðila um að gera góða skóla að enn betri skólum. Fræðslufirvöld stuðluðu með ýmsum hætti að bættu samstarfi skóla og foreldra.

Já... stundin var mögnuð á Sandskeiðinu þegar kveikt var á vitanum. Látum lýsandi vita vísa nemendum okkar veginn til mennta og þroska. Ég þakka öllu starfsfólki skóla og Fræðslumiðstöðvar fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf á menningarborgarárinu 2000.

*Sigrún Magnúsdóttir*

# Sjónarhorn fræðslustjóra

Við aldarhvorf verða vatnaskil á vegferð okkar. Ekki er þar með sagt að mannlífið taki breytingum á þeirri stundu sem ný öld gengur í garð, en vötn sögunnar fara nú að renna í aðra átt, inn í 21. öldina og víst er að saga hennar verður önnur en saga 20. aldarinnar og skólinn á nýrri öld verður öðru vísi en á þeirri fyrri. Hvernig ætli framtíðarskólinn líti út? Hvaða merki sjáum við í fortíð og nútíð, heima og heiman, sem gefa okkur vísbendingar um framtíðina? Í þessari ársskýrslu fræðslumála í Reykjavík fyrir árið 2000 eru margar vísbendingar þar um.

## Einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda

Í starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík fyrir árið 2000 eru sett fimm framtíðarmarkmið fyrir grunnskólann sem þróast hafa frá árinu 1998. Árleg markmið byggja á þeim grunni. Meginmarkmiðin fjalla um einsetinn skóla með 6-7 klst. vinnudegi, sjálfstæði skóla og styrka stjórnun þeirra, einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda, sérúrræði í heimaskóla og tengsl skóla við grenndarsamfélagið.

Tölvu- og upplýsingatæknin auðveldar okkur að miða nám nemenda við stöðu og áhuga hvers og eins. Margt bendir því til að einstaklingsmiðað nám ryðji sér til rúms á kostnað náms þar sem 15 til 25 nemendur á sama aldri sitja kennslustundir þar sem allir eru að læra það sama á sama hátt. Sjá má fyrir sér að í framtíðarskólanum geri nemendur sínar eigin áætlanir til skemmri og lengri tíma innan heildaráætlana skólans undir leiðsögn kennara. Þær eru síðan staðfestar í samningum á milli nemenda, foreldra og skóla. Þannig læra nemendur að skipuleggja eigin vinnu, öðlast yfirsýn og bera ábyrgð á námi sínu. Nemendur vinna síðan saman að þemabundnum verkefnum innan en ekki síður utan skólans. Með þessu móti verður auðveldara að skipuleggja nám nemenda með sérþarfir þannig að þeir falli inn í heildina. Dagurinn mun skiptast í mislangar vinnulotur eftir aðstæðum í stað 40 mínútna kennslustunda eins og lengst af hefur verið. Við höfum þegar dæmi um þessa þróun í skólum þar sem nemendur gera sér vikuáætlanir og para- og hópvinna og þemavinna hefur lengi verið viðhöfð í skólunum og fer ört vaxandi. Á sýningum skólanna að afloknum þemavikum verður hugmyndaflug, sköpunarkraftur og frumkvæði nemenda sýnilegt, þar má sjá hvernig þeir hafa skipulagt vinnu sína, tekið ákvarðanir og leyst ótrúlegustu vandamál.

Ætla má að ábyrgð kennara færist frá því að bera ábyrgð á einum bekk með 15 til 25 nemendum til þess að bera ábyrgð á stærri hópi í samvinnu við fleiri kennara. Sums staðar eru kennarar þegar farnir að skipuleggja vinnu sína þannig að t.d. þrír til fimm kennarar beri sameiginlega ábyrgð á 50 til 100 nemendum sem geta verið á nokkuð mismunandi aldri. Hlutverk kennara felst þá einkum í að skipuleggja í sameiningu verkefni nemenda, auk þess að leggja inn efni með hefðbundnum hætti. Kennarar skipta með sér verkum eftir menntun og reynslu.

Margt bendir til þess að skóli framtíðarinnar verði í enn nánari tengslum við fjölskyldur nemenda og umhverfi sitt en nú er. Foreldrasamstarf er stöðugt að aukast. Skólinn verður opinn síðdegis og á kvöldin fyrir tómsundastarf allrar fjölskyldunnar og nemendur fara í auknum mæli út í samfélagið til að afla sér þekkingar og þroska. Skólastarf af þessum toga krefst mikils sveigjanleika í skipulagi og kallar á breytingar á stjórnun skólanna, sjálfstæði skóla til að marka sér stefnu og endurskoðun á fyrirkomulagi skólahúsnæðis. Lítum á þau skref sem stigin voru á árinu 2000 í átt til þessa breytta skóla.

## Vatnaskil

Allar uppsprettur leita sér farvegs. Ár renna mislengi sömu leið - í sömu átt. Stundum breytist farvegurinn, vötnin fara skyndilega að renna í aðra átt. Þegar litið er yfir þróun grunnskóla Reykjavíkur á árinu 2000 finnst mér slík stefnumarkandi breyting einkum hafa orðið á tveimur sviðum, það er með nýjum kjarasamningi grunnskólakennara og stefnumörkun í tölvu- og upplýsingatækni. Með þessum tveimur atburðum urðu vatnaskil í skólastarfi og markmiðum okkar um einstaklingsmiðað nám og samstarf nemenda var ruddur nýr farvegur. En ekki er síður eftirminnileg þátttaka grunnskólanna í atburðum og hátíðarhöldum þegar Reykjavík var ein af menningarborgum Evrópu. Vinna listamanna með nemendum í öllum skólum borgarinnar að margvíslegum listaverkum er eftirminnilegt merki um aukin tengsl skólanna við umhverfið, bæði mannlíf og náttúru, sem er eitt af meginstefnumiðum okkar. Þessir þættir hafa því skipt sköpum á leið okkar að ofangreindum markmiðum fyrir fræðslumálin í Reykjavík.



## Nýr kjarasamningur

Nýr kjarasamningur sem var undirritaður 9. janúar 2001 gerir ráð fyrir mun sveigjanlegri skilgreiningu á vinnutíma og vinnuframlagi kennara en áður, auk þess sem launin hækkuðu umtalsvert. Samingurinn auðveldar skólunum að mæta þróun sem sjá má alls staðar í þjóðfélaginu og einkennist af auknum sveigjanleika, hreyfingu og umbreytingum á öllum sviðum. Þessi samningur er mikilvægt skref í átt til einstaklingsmiðaðs náms og aukinnar samvinnu kennara. Á fyrri hluta ársins stóðu Kennarafélag Reykjavíkur, Skólastjórufélag Reykjavíkur og Fræðslumiðstöð fyrir 18 fundum í Reykjavík þar sem kennarar úr tveimur til þremur skólum komu saman og ræddu hvaða breytingar væru að verða á skólastarfi og hvað áhrif menn vildu hafa á þessar breytingar, en síðast en ekki síst hvaða áhrif þessar breytingar hefðu á kjarasamninga. Breytingar sem þessar valda að sjálfsögðu raski og vissu óryggi hjá okkur öllum sem störfum að menntun grunnskólabarna í Reykjavík og aðstandendum nemenda. Vötnin renna ekki í lygnum breiðum um marflatt láglandi heldur má búast við boðaköstum þegar þau þrengja sér í gegnum klettaþrengsli hefða og viðtekinna viðhorfa.

## Tölvustefna og ljósleiðaratenging

Á árinu samþykkti fræðsluráð Reykjavíkur heildarstefnumörkun í tölvumálum grunnskólanna sem byggði á skýrslu starfshóps sem starfað hafði frá árinu 1997 að undirbúningi hennar. Stefnan var kynnt í borgarráði. Hún miðar m.a. við eina tölvu á hverja fimm nemendur árið 2004, eina tölvu á kennara árið 2003, skólarnir verði tengdir saman með víðneti um ljósleiðara, tölvufagstjórar starfi í öllum skólum, tölvuumsjónarmenn verði í fullu starfi í skólum með um 500 nemendum eða 0,2% starf á hvern nemanda og átak gert í símenntun kennara á þessu sviði. Þegar er farið að starfa eftir stefnunni en fjárhagshlið hennar er tekin fyrir við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert. Fyrsta skrefið var ákvörðun um að veita upplýsingafljóti alnetsins inn í skólana með því að koma upp ljósleiðaraneti milli allra skólanna og Fræðslumiðstöðvar og var uppsetning langt komin í árslok. Annað skref var að auka starfshlutfall tölvuumsjónarmanna í skólunum til muna frá upphafi árs 2001 og áfram er haldið að byggja upp tölvukost skólanna. Lagning ljósleiðaranetsins var tímamótaviðburður og setti Reykjavíkurskóla í fremstu röð í þessum efnum bæði innan lands og utan. Hún auðveldar aðgang nemenda að upplýsingum á alnetinu og skapar þannig aukna möguleika á sjálfstæðu námi, gefur fjarkennslu byr undir báða vængi, auðveldar samstarf við foreldra og er grundvöllur að erlendum samskiptum. Með tilkomu ljósleiðaranetsins og markvissri áætlun um uppbyggingu og nýtingu tölvukosts munu vötn renna í aðra átt en verið hefur í grunnskólum Reykjavíkur.

## Þátttaka í M2000 - listir í skólum

Þátttaka grunnskólanna í menningarári í Reykjavík skilur eftir sig margvísleg listaverk, bæði innan dyra og utan, en ekki síður í minningunni um flutning á leikverkum, dansi og tónlist í nánast öllum 37 grunnskólum Reykjavíkur. Sköpunargleðin fékk lausan tauminn og nemendur öðluðust nýja reynslu með því að starfa með listamönnum og læra af handbragði þeirra, hæfileikum og sköpunarkrafti.

Í þessari skýrslu má sjá fleiri dæmi um sess lista í skólastarfinu í Reykjavík. Ferðir á söfn og sýningar er fastur liður, nemendur njóta lista m.a. með því að sækja tónleika og skólar fara í hópferðir í leikhús og fá til sín leiksýningar, auk þess sem nemendur iðka myndlist, tónlist, dans og í sumum tilvikum leiklist reglulega sem hluta af stundaskrá. Um 14% nemenda sækja síðan tónlistarnám í 14 tónlistarskólum sem styrktir eru af borginni.

Því er óhætt að segja að listir skipi veglegan sess í reykvískum skólum og reyndar í grunnskólum á Íslandi almennt og mun hærri en í mörgum öðrum löndum.

Í þessari ársskýrslu má sjá afrakstur af listrænni vinnu grunnskólanemenda í Reykjavík en margar myndir í skýrslunni eru teknar af nemendum og eru hluti af verkefni sem stýrt er frá Myndveri grunnskóla Reykjavíkur í Réttarholtsskóla.

Framundan eru áhugaverðir tímar í skólamálum í Reykjavík og heiminum öllum. Skólamálin eru að brjóta sér nýjan farveg til þess að mæta væntingum og áreiti samfélags í örri þróun. Markmið grunnskóla er að búa nemendur sína sem best undir fjölskyldulíf og atvinnuþátttöku fullorðinsáranna en ekki síður að stuðla að gjöfulu einkalífi og samfélagsþátttöku. Þar lætur Reykjavíkurborg ekki sitt eftir liggja. Fræðslumiðstöð Reykjavíkur vill taka hlutverk sitt sem forystuafli í skólamálum borgarinnar alvarlega. En breytingar kalla gjarnan á varnarviðbrögð. Því er mikilvægt að þær hljóti viðtæka umfjöllun í skólunum og séu vel kynntar utan skólans. Að öðrum kosti er hætta á að reynt verði að þvinga strauminn áfram í gamla farveginn. Í þágu grunnskólanemenda í Reykjavík þurfa nýir straumar að leika um og móta framtíðarskólann okkar.

Gerður G. Óskarsdóttir

# 1 Fræðsluráð Reykjavíkur

Fræðsluráð Reykjavíkur fer með yfirstjórn skólamála í Reykjavík í umboði borgarstjórnar.

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur annast stjórnarsýslu fræðsluráðs. Borgarráð staðfesti samþykkt fyrir fræðsluráð í júlí 1996 og starfar ráðið eftir henni.

## Aðalmenn í fræðsluráði

- Sigrún Magnúsdóttir, formaður
- Hrannar B. Arnarson, varaformaður
- Sigrún Elsa Smáradóttir
- Guðrún Pétursdóttir/Guðlaugur Þór Þórðarson frá 6. apríl
- Eyþór Arnalds

## Varamenn

- Guðrún Erla Geirsdóttir
- Reynir Þór Sigurðsson/Arngrímur Viðar Ásgeirsson frá 19. október
- Árni Þór Sigurðsson
- Bryndís Þórðardóttir
- Margrét Theódórsdóttir

## Áheyrnarfulltrúar

- Hannes Kr. Þorsteinsson, kennarafélagi Reykjavíkur
- Elín Vigdís Ólafsdóttir, kennarafélagi Reykjavíkur
- Erna M. Sveinbjarnardóttir/Ellert Borgar Þorvaldsson, skólastjórafélagi Reykjavíkur
- Óskar Ísfeld Sigurðsson, Samfok, Sambandi foreldrafélaga og foreldraráða í grunnskólum Reykjavíkur.

Fræðslustjóri og forstöðumenn sviða Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur sátu fundi fræðsluráðs, auk skrifstofustjóra fræðslustjóra sem ritaði fundargerðir.


Á árinu 2000 voru haldnir 29 fundir í fræðsluráði Reykjavíkur.

## Nýtt skipurit fyrir Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

Fræðsluráð samþykkti nýtt skipurit fyrir Fræðslumiðstöð Reykjavíkur 16. október 2000. Nýja skipuritið var staðfest í borgarráði 27. október. Samkvæmt skipuritinu var stofnuð skrifstofa fræðslustjóra og þangað ráðinn skrifstofustjóri frá 1. desember. Þjónustusvið skiptist í tvær deildir sem sinna annars vegar forvörnum og einstaklingsmálum og hinsvegar almennri kennsluráðgjöf. Fjármálasvið skiptist í fjármálastjórnun og fjármálaþjónustu. Unnið var að breytingum sem koma til framkvæmda á árinu 2001.

Mynd 2.1

Skipurit skólamála á vegum Reykjavíkurborgar





## 2 Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur annast yfirstjórn menntamála á vegum Reykjavíkurborgar, í umboði fræðsluráðs. Haustið 2000 heyrðu 37 grunnskólar undir Fræðslumiðstöð, 32 almennir grunnskólar og fimm sérskólar, auk fjögurra skólahljóm-sveita og Námsflokka Reykjavíkur. Fræðslumiðstöð sá einnig um fastar fjárveitingar til fimm einkaskóla á grunnskólastigi, 14 tónlistar- og söngskóla sem störfuðu á öllum skólastigum og eins myndlistarskóla. Rekstur skóladagvistar sem í boði er fyrir yngri árganga í grunnskólunum heyrir einnig undir Fræðslumiðstöð. Ennfremur hafði Fræðslumiðstöð umsjón með styrkveitingum fræðsluráðs á sviði menntamála.



Fræðslumiðstöð Reykjavíkur skiptist í þrjú svið, þjónustusvið, þróunarsvið og fjármálasvið. Fræðslustjóri stýrir daglegri starfsemi og tekur við erindum sem beint er til fræðsluráðs. Fræðslustjóri ber ábyrgð á að ákvarðanir ráðsins séu framkvæmdar. Hann er í forystu um stefnumörkun og hefur eftirlit með því að lögum um grunnskóla og samþykktum borgaryfirvalda í skólamálum sé framfylgt.

### Meginhlutverk Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur

Meginhlutverk Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur er:

- Að hafa með höndum yfirstjórn skólamála í Reykjavík;
- Að vera faglegt forystuafl í skólamálum borgarinnar og undirbúa stefnumótun fræðsluráðs um starfsemi og uppbyggingu grunnskóla;
- Að sjá til þess að lögum og reglugerðum um grunnskóla svo og ákvörðunum borgaryfirvalda í fræðslumálum sé framfylgt í borginni;
- Að skipta fjármunum milli grunnskóla borgarinnar og hafa eftirlit með nýtingu fjármagns;
- Að veita grunnskólum Reykjavíkur og öðrum menntastofnunum sem styrktar eru af borginni faglega og fjárhagslega ráðgjöf og þjónustu;

- Að hafa yfirsýn yfir skólastarf í Reykjavík og þær hugmyndir sem eru á döfinni um þróun þess;
- Að veita stofnunum borgarinnar og öðrum opinberum aðilum upplýsingar um fræðslumál og taka þátt í verkefnum á vegum borgarinnar sem tengjast fræðslumálum.

Samþykkt í fræðsluráði í 10. október 2000.

Fræðslumiðstöð gefur á hverju ári út starfsáætlun fyrir fræðslumál á vegum Reykjavíkurborgar. Áætlunin er unnin í víðtæku samstarfi fræðsluráðs og starfsmanna Fræðslumiðstöðvar við skólastjórnendur, kennara og fulltrúa foreldra. Fræðslustjóri ritstýrir útgáfunni.

### Stjórnendur hjá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur á árinu 2000

- Dr. Gerður G. Óskarsdóttir, fræðslustjóri
- Runólfur Birgir Leifsson, forstöðumaður fjármálasviðs, staðgengill fræðslustjóra
- Arthur Morthens, forstöðumaður þjónustusviðs
- Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður þróunarsviðs/ í fæðingarorlofi frá 1. nóvember, Kristín Jónsdóttir leysti hana af
- Guðmundur Þór Ásmundsson, verkefnisstjóri/skrifstofustjóri á skrifstofu fræðslustjóra frá 1. desember
- Dagný Leifsdóttir deildarstjóri fjárhags- og launadeildar
- Júlíus Sigurbjörnsson, deildarstjóri rekstrardeildar
- Anna Kristín Sigurðardóttir, deildarstjóri kennsludeildar
- Hákon Sigursteinsson, deildarstjóri sálfræðideildar
- Ingunn Gísladóttir, starfsmannastjóri
- Steinunn Stefánsdóttir, upplýsingafulltrúi/Björg Eva Erlendsdóttir frá 1. október
- Jón Ingvar Valdimarsson, verkefnisstjóri tölvumála.

Áslaug Brynjólfssdóttir er umboðsmaður foreldra og skóla. Forstöðumaður skólasafnamiðstöðvar, sem starfar í tengslum við Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, er Margrét Björnsdóttir.

## Skrifstofa fræðslustjóra

Skrifstofa fræðslustjóra var stofnuð 1. desember 2000. Þar verða auk fræðslustjóra, ritari, upplýsinga-fulltrúi, starfsmannastjóri og skrifstofustjóri sem er aðstoðarmaður fræðslustjóra. Haustið 1999 var ráðinn til Fræðslumiðstöðvar verk-efnisstjóri um stjórnun í grunnskólum Reykjavíkur til eins árs. Hlutverk hans var að vinna með skólastjórum að þróun og umbótum á skipulagi við stjórnun skóla og að vera tengiliður skólastjóra við fræðslustjóra í þessum efnum. Við stofnun skrifstofu fræðslustjóra tók skrifstofustjóri við þessu hlutverki.

## Fjármálasvið

Fjármálasvið gerir fjárhagsáætlun og fylgist með því að henni sé fylgt. Sviðið sinnir rekstrarþjónustu, bókhaldi, launaafgreiðslu og ráðgjöf. Launadeild sér um launaafgreiðslu starfsmanna grunnskóla, fjárhagsdeild sinnir bókhaldsfærslum skóla. Rekstrardeild fylgist með viðhaldi húsnæðis skóla og búnaðarmálum og annast miðlæga þjónustu á Fræðslumiðstöð, svo sem afgreiðslu stofnunarinnar, skjalasafn og ritaraþjónustu.

## Starfsmenn fjármálasviðs

Starfsmenn á fjármálasviði voru 22 á árinu og skiptu þannig með sér verkum: Forstöðumaður sá um yfirumsjón og samhæfingu á sviðinu og stjórnaði gerð fjárhagsáætlunar og eftirliti með henni. Á fjárhags- og launadeild voru 10 starfsmenn í 9,8 stöðugildum. Auk deildarstjóra önnuðust fjórir starfsmenn bókhald allra stofnana sem heyra undir Fræðslumiðstöð. Fimm starfsmenn sinntu launaafgreiðslu. Á rekstrardeild unnu 10 starfsmenn í 8,1 stöðugildi. Auk deildarstjóra sáu fjórir starfsmenn deildarinnar um viðhald, rekstur og tæki, einn um skjalavörslu, einn skipulagði ræstingar skóla og þrír starfsmenn

unnu við afgreiðslu, símavörslu og ritaraþjónustu.

## Áherslur 2000

Breyting á gerð fjárhagsáætlunar grunnskólanna og skipulagsmál fjármálasviðs voru áberandi á árinu 2000.

- Fjárhagslegt sjálfstæði stofnana var aukið og þróað áfram. Fleiri skólar fengu viðbótarfjármagn til stjórnunar.
- Haldin voru námskeið í fjármálum og rekstri fyrir skólastjóra og sameiginlegir fundir með öllum skólastjórum um forsendur og breytta hugmyndafræði við fjárhagsáætlun. Auk þess voru haldnir fundir í einstökum skólum til að fara yfir fjárhagsáætlun hvers skóla fyrir sig.
- Komið var á fót vinnuhópi skólastjóra og starfsmanna á Fræðslumiðstöð til að útbúa reiknilíkan sem úthlutar fjármagni, á samræmdan hátt, til almennrar kennslu og ýmissa starfa í skólum. Gert er ráð fyrir að líkanið reikni út kennslumagn eftir nemendafjölda en ekki bekkjafjölda eins og gert hefur verið fram að þessu. Miðað er við að úthlutun samkvæmt nýja reiknilíkaninu fari fram í fyrsta sinn haustið 2001.
- Miðlæg þjónusta vegna innkaupa á handavinnuefni fyrir skólana var lögð niður og fjármagn til hennar flutt beint til skólanna.
- Unnið var að því að færa umsjón og fjármagn vegna tilfallandi viðhalds til þeirra skóla sem þess óska.
- Breytingar voru gerðar á launadeild þannig að nú hefur hver starfsmaður umsjón með ákveðnum skólum í stað þess að hafa umsjón með ákveðnum verkþáttum í öllum skólum.

## Þjónustusvið

Þjónustusvið veitir kennurum, skólastjórnendum, öðrum starfsmönnum skóla, nemendum og aðstandendum þeirra faglega þjónustu. Á þjónustusviði eru tvær deildir. Sálfræðideild sinnir greiningum og sálfræðilegri ráðgjöf til starfsfólks skóla og veitir í sumum tilvikum foreldrum ráðgjöf einnig. Kennsludeild veitir kennsluráðgjöf



í einstökum námsgreinum, bekkjar-kennslu, sérkennslu og nýbúa-kennslu. Þar er einnig í boði leiðsögn um þróunarstarf og mat á skólustarfi og unnið að símenntun kennara. Kennsludeild metur skólanámskrár grunnskóla borgarinnar fyrir hönd fræðsluráðs.

### Starfsmenn þjónustusviðs

Starfsmenn á þjónustusviði voru 23 á árinu. Forstöðumaður og deildarstjórar sálfræði- og kennsludeildar höfðu forystu og frumkvæði um starfsemi sviðsins. Á kennsludeild störfuðu 11 starfsmenn í 10,1 stöðugildi. Kennsluráðgjafar sáu um kennsluráðgjöf. Fjórir skiptu með sér ráðgjöf í þjónustuverfum, tveir sinntu sérkennsluráðgjöf, tveir kennsluráðgjöf og kennslu í norsku og sænsku, tveir ráðgjöf og skipulagningu kennslu nýbúa. Kennslu-



ráðgjafar tóku jafnframt þátt í undirbúningi skólabygginga.

Á sálfræðideild störfuðu 11 sálfræðingar í tíu stöðugildum, að meðtöldum deildarstjóra. Þeir sinntu greiningu á nemendum og veittu í framhaldi af henni ráðgjöf til kennara og annars starfsfólks skóla og foreldra. Þeir unnu að atferlisgreiningu og atferlismótun nemenda sem eiga erfitt með samskipti og hegðun. Sálfræðingar unnu ennfremur að mati á stöðu sex ára barna í öllum grunnskólum borgarinnar. Þverfaglegt teymi kennsluráðgjafa og sálfræðings sá um þjónustu við einhverfa nemendur í grunnskólum

borgarinnar og þverfaglegt teymi um skólabyrjun gerði m.a. úttekt á skimunum sem beitt er í skólunum við upphaf skólagöngu. Áfallateymi sálfræðinga var stofnað á árinu og starfaði það sem tengiliður við áfallateymi tíu skóla. Teymið hélt einnig fyrirlestra um áföll fyrir starfsfólk skóla og þýddi lista sem notaðir eru til að meta ástand barna sem verða fyrir áföllum og lista sem nýtist í samstarfi við foreldra. Starfsmenn beggja deildanna héldu fræðsluerindi, unnu að símenntun kennara og tóku þátt í að móta vinnubrögð og skipulag þjónustusviðs og Fræðslumiðstöðvar.

### Áherslur 2000

- Skipulögð var þátttaka grunnskólanna í verkefninu Reykjavík menningarborg Evrópu árið 2000 og var hún með þeim hætti að listamenn unnu með nemendum í öllum grunnskólum borgarinnar að myndlist, tónlist, leiklist, dansi og fleiri listgreinum.
- Unnin var stefnumótun í nýbúafræðslu. Starfshópur skilaði tillögum sínum í október.
- Úttekt á sérkennslu sem staðið hafði yfir í um tvö ár og unnin var í samvinnu við þróunarsvið lauk á árinu og skýrsla um hana kom út í nóvember. Í henni er meðal annars að finna upplýsingar um fjölda nemenda, ástæður og framkvæmd sérkennslu í Reykjavík.
- Undirbúið var átak í þróun kennsluhátta í grunnskólum Reykjavíkur.
- Fjarkennsla í norsku hófst formlega á árinu, en árið áður stóð yfir tilraunaverkefni um fjarkennslu í norsku og sænsku.
- Níu sálfræðingar sóttu einnar annar nám um atferlismótun við Háskóla Íslands.

### Þróunarsvið

Helstu hlutverk þróunarsviðs eru að safna og vinna úr gögnum um skólustarf, skipuleggja upplýsinga- og samskiptatækni á vegum Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur og sinna starfsmannamálum. Sviðið hefur umsjón með tölvuvæðingu skóla og mótar stefnu í tölvumálum í samvinnu við tölvuumsjónarmenn.

Á þróunarsviði er unnið úr gögnum um skólustarf í Reykjavík, skipulögð skráning og innritun nemenda og spár gerðar um nemendafjölda. Þar er einnig fylgst með því að börn með lögheimili í Reykjavík uppfylli skólaskyldu. Rannsóknir og kannanir Fræðslumiðstöðvar eru í umsjón þróunarsviðs. Þar eru gerðar langtímaáætlanir, svo sem um einsetningu skóla, tölvuvæðingu og fleiri þætti í skólustarfi. Þróunarverkefni í grunnskólunum svo sem móður-skólarnir njóta stuðnings þróunarsviðs. Starfsmannastjóri starfar á sviðinu að starfsmannamálum Fræðslumiðstöðvar, við ráðgjöf og samræmingu starfsmannamála í grunnskólum borgarinnar og sér um símenntun starfsmanna grunnskóla Reykjavíkur. Sviðið er ein deild en verkefni skiptast í söfnun og skipulagningu upplýsinga, áætlanagerð, rannsóknir, umsjón tölvumála og starfsmannastjórnun.

### Starfsmenn þróunarsviðs

Starfsmenn þróunarsviðs voru sjö á árinu í 6,5 stöðugildum. Forstöðumaður veitti uppbyggingu og skipulagi þróunarsviðsins forystu. Verkefnisstjóri tölvumála sá um tölvumál grunnskólanna í samvinnu við tölvuumsjónarmenn þeirra. Starfsmaður í tölvumálum sinni uppbyggingu og tölvuþjónustu á Fræðslumiðstöð og við Námsflokkanana. Starfsmannastjóri sá um starfsmannamál Fræðslumiðstöðvar og ráðgjöf og samræmingu málaflokksins úti í skólunum og hafði umsjón með símenntun starfsmanna grunnskóla Reykjavíkur. Tveir sérfræðingar á þróunarsviði störfuðu við rannsóknir og tölfraeðiúrvinnslu gagna og nemendaskrárritari hafði umsjón með nemendaskrá.

### Áherslur 2000

- Könnun á viðhorfum foreldra til starfsemi grunnskóla í Reykjavík var kynnt í apríl.
- Stefna fræðsluráðs Reykjavíkur í tölvumálum grunnskóla var samþykkt í júní. Þróunarsvið hefur það hlutverk að framfylgja henni. Á grundvelli stefnunnar var auknu fé veitt til tölvukaupa og til að auka starfshlutfall tölvu-

umsjónarmanna í skólunum í ársbyrjun 2001.

- Samið var um ljósleiðaratengingu grunnskólanna og Fræðslumiðstöðvar í eitt lokað ljósleiðarannet. Byrjað var á verkinu haustið 2000. Skólanetið bætir tölvusamband skólanna svo um munar, bæði innbyrðis og við umheiminn.
- Könnun á viðhorfum foreldra til starfsemi Safamýrarskóla og Öskjuhlíðarskóla var birt í desember og tengist úttekt á sérkennslu í borginni, sem getið er í kaflanum um þjónustusvið.
- Starfsmannastjóri sat fyrir hönd Fræðslumiðstöðvar í verkefnisstjórn á vegum Ráðhúss Reykjavíkurborgar um innleiðingu á nýju starfsmanna- og launakerfi sem tekið verður í notkun áramótin 2001-2002.
- Fræðslumiðstöð tekur þátt í verkefninu *Hið gullna jafnvægi* sem hófst á árinu á vegum Reykjavíkurborgar.

## Umboðsmaður foreldra og skóla

Umboðsmaður foreldra og skóla sinnir einkum málefnum einstakra barna sem vísað er til hans bæði frá foreldrum og skólum. Auk þeirra mála sem voru skráð og kölluðu á mikla vinnu og fundi með ýmsum aðilum, leitaði fjöldi foreldra til umboðsmanns með fyrirspurnir sem varða nemendur og kennslu. Spurt var um margvísleg mál, svo sem fjölda nemenda í bekk, rétt barna til sérstaks stuðnings, sérúræði, gæslu í frímínútum, einelti, lesblindu og greiningu á henni, hvort heimilt sé að senda börn heim vegna forfalla kennara og þannig mætti lengi telja. Í desember hélt umboðsmaður fundi með öllum foreldraráðum í grunnskólum Reykjavíkur ásamt fulltrúa frá Samfok og var rætt sameiginlega við tvö eða þrjú foreldraráð í einu. Starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík fyrir árið 2001 var sérstaklega rædd og gáfu foreldraráðin álit sitt á áætluninni, ýmist munnlega eða skriflega. Umboðsmaður sat marga fundi foreldrafélaga. Umboðsmaður foreldra og skóla sá á árinu um gerð handbókar fyrir foreldra í samvinnu við aðila frá Samfok og kom hún út í ársbyrjun 2001.



## Skólasafnamiðstöð

Skólasafnamiðstöð þjónar skólasöfnum grunnskóla Reykjavíkur. Þar er tekið við bókaþöntunum frá skólunum, bækur og önnur gögn skólasafna og sérdeilda eru flokkuð, skráð og plöstuð (töflur 2.1 og 2.2). Á Skólasafnamiðstöð er veitt ráðgjöf til starfsfólks skólasafna. Val bóka á skólasöfn er í höndum starfsfólks skólanna sjálfra. Til að auðvelda valið eru haldnir bókavalsfundir með skólasafnakennurum og bókasafnsfræðingum skólanna nokkrum sinnum á vetri. Níu bókavalsfundir voru haldnir á árinu 2000.



### Starfsmenn skólasafnamiðstöðvar

Á skólasafnamiðstöð störfuðu sex starfsmenn í fimm stöðugildum árið 2000.



Tafla 2.1

#### Yfirlit yfir flokkun og skráningu á skólasafnamiðstöð 1998-2000

Efnisflokkar	1998	1999	2000
Íslenskar fræðibækur	267	205	250
Íslenskar skáldsögur	136	88	66
Erlendar bækur	1.096	1.779	1.626
Önnur gögn	332	194	237
<b>Samtals</b>	<b>1.831</b>	<b>2.266</b>	<b>2.179</b>

### Áherslur 2000

- Farið var yfir skráningar og byrjað að laga þær að yfirfærslu í nýtt bókasafnskerfi.
- Haldið var áfram að efnistaka tímaritsgreinar.

Tafla 2.2

#### Frágangur safngagna, eintakafjöldi 1998-2000<sup>1)</sup>

1998	1999	2000
20.132	18.963	22.035

1) Prentun á strikamerkingum og plöstum

- Nokkur bekkjarsett af skáldsögum og fræðiritum fyrir börn og unglunga voru keypt í miðsafn.
- Haldin var árleg ráðstefna um barna- og unglíngabókmenntir í Gerðubergi í mars í samvinnu við Menningarmiðstöðina Gerðuberg, Börn og bækur-Íslandsdeild IBBY, Upplýsingu, Félag skólasafnakennara og Síung.

## Kynnisferðir

Forystuhlutverki Fræðslumiðstöðvar í skólamálum fylgir það verkefni að kynna sér þróun skólamála í öðrum löndum. Kynnisferðir til útlanda eru því fastur liður í starfsemi Fræðslumiðstöðvar.

Fræðslustjóri sótti árlegt þing fræðslustjóra í Bandaríkjunum sem haldið var í San Fransisco í mars, árlegan fund fræðslustjóra í höfuðborgum Norðurlanda í júní, ásamt forstöðumanni þróunarsviðs og flutti erindi fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga á ráðstefnu um framtíðarskólann í Vasa í Finnlandi í maí. Hann veitti auk þess árlegri námsferð skólastjóra forystu.

Forstöðumaður fjármálasviðs og skrifstofustjóri á skrifstofu fræðslustjóra sóttu ráðstefnu ENIRDEM um sjálfstæði skóla í Tilburg í Hollandi

og kynntu sér í sömu ferð sjálfstæði skóla í Danmörku. Í janúar 2000 fór 40 manna hópur úr Reykjavík á BETT 2000 sem er hugbúnaðar- og kennslutækjasýning sem sérstaklega snýr að sérkennslu og tölvu- og upplýsingatækni. Sýningin er haldin árlega í London á vegum breska menntamálaráðuneytisins.

Forstöðumaður þróunarsviðs og verkefnisstjóri tölvumála stóðu fyrir ferðinni sem í voru tölvuumsjónarmenn, skólastjórnendur og kennarar í tölvufræðum. Forstöðumaður þjónustusviðs sótti í ágúst ráðstefnu í Ósló um sögu fatlaðra á Norðurlöndum og flutti þar erindi um tilurð sérkennslureglugerðar frá 1990. Deildarstjóri kennsludeildar sat norrænan fund um námsumhverfi sem haldinn var í Ósló í Noregi í febrúar. Kennsluráðgjafi í nýbúafraeðslu sótti ráðstefnu um kennslu í mannréttindum og fjölmenningu í Lundi í Svíþjóð í desember. Sami kennsluráðgjafi fór einnig ásamt nokkrum nýbúakennurum til

Danmerkur og kynnti sér skipulag nýbúakennslu og móttökudeildir í Kaupmannahöfn í maí.

## Þjónusta við skóla vegna einstakra nemenda og nemendahópa

Fræðslumiðstöð veitir einstökum nemendum og nemendahópum margvíslega þjónustu.

### Einstaklingsmál í umfjöllun umboðsmanns foreldra og skóla

Eins og sjá má á mynd 2.1 var fjöldi mála sem vísað var til umboðsmanns foreldra og skóla svipaður árið 2000 og árið 1999 eða um 130 og komu þau ýmist frá foreldrum eða skólum


(tafla 2.3). Þau voru vegna námslegs, félagslegs og persónulegs vanda (tafla 2.3) og varðaði mikill meirhluti þeirra nemendur á unglingsstigi (tafla 2.4).

### Einstaklingsmál sem vísað er til forstöðumanns þjónustusviðs

Árlega koma upp þung mál einstaklinga í skólum sem vísað er til forstöðumanns þjónustusviðs til úrlausnar. Þau mál sem komu til hans á tímabilinu september til desember voru kynnt í einstaklingsmálateymi. Samtals vann hann að málefnum 68 nemenda á árinu 2000 (tafla 2.5). Hér er um nokkra fækkun að ræða frá árinu á undan en þá vann hann að 80 málum. Eins og áður voru mál vegna drengja í miklum meirihluta eða alls 50 en 18 mál vörðuðu stúlkur. Flest málin voru vegna nemenda á yngri barna og miðstigi (tafla 2.6).

Mynd 2.1

### Skráð mál hjá umboðsmanni foreldra og skóla 1997-2000



Tafla 2.3

### Einstaklingsmál sem bárust umboðsmanni foreldra og skóla 1997-2000

Tilfni	1997	1998	1999	Frá foreldrum 2000	Frá skólum 2000	Alls 2000
Léleg skólasókn	15	13	14	1	11	12
Aga- og hegðunarbrot	12	12	9	2	6	8
Skipt um skóla	10	9	8	6	2	8
Einelti/vanlíðan/skólafælni	14	13	17	11	2	13
Vímuefnavandi	8	17	17	3	9	12
Námserfiðleikar/sérúrræði	12	11	12	9	1	10
Erfiðar félagslegar aðstæður	7	2	13	3	15	18
Geðræn vandamál	6	5	9	4	10	14
Misþroski/ofvirkni/						
Asberger/Tourette/einhverfa	7	8	8	7	2	9
Óánægja vegna skóla eða kennara	7	12	11	11		11
Þátttaka í atvinnulífi	5				2	2
Ofbeldi/afbrot			8	3	5	8
Námi flýtt		1	1			0
Líkamlegir sjúkdómar/fötlun			5	4	1	5
<b>Samtals</b>	<b>103</b>	<b>103</b>	<b>132</b>	<b>64</b>	<b>66</b>	<b>130</b>

Tafla 2.4

### Fjöldi mála sem bárust umboðsmanni foreldra og skóla eftir skólastigum og tilvísunaraðila

Skólastig	Drengir		Stúlkur		Alls	
	Frá foreldrum	Frá skólum	Frá foreldrum	Frá skólum	Frá foreldrum	Frá skólum
Yngri barna stig 1.-4. bekkur	10	6	4	1	14	7
Miðstig 5.-7. bekkur	15	8	11	1	26	9
Unglingastig 8.-10. bekkur	18	33	6	17	24	50
<b>Samtals</b>	<b>43</b>	<b>47</b>	<b>21</b>	<b>19</b>	<b>64</b>	<b>66</b>

Athygli vekur að málum fækkaði verulega frá fyrra ári vegna nemenda á unglíngastigi eða úr 32 í aðeins 13. Lögreglu- og barnaverndarmálum fækkaði úr 18 málum á fyrra ári í fimm mál. Ofbeldismálum fjölgaði verulega eða úr sex málum árið 1999 í 13 árið 2000. Langflest þeirra mála sem komu inn á borð forstöðumanns þjónustusviðs voru tengd hegðun og samskiptum nemenda eða alls 42 mál.

ingsmál sem koma inn á borð Fræðslumiðstöðvar frá skólastjórnendum og foreldrum, útdeila þeim til ákveðinna starfsmanna og fjalla um hvernig með málin skuli farið. Einstaklingsmálategymið hélt 12 fundi á tímabilinu 11. september til 18. desember og fjallaði um mál 99 nemenda, 70 drengja og 29 stúlkna, sem bárust Fræðslumiðstöð Reykjavíkur á þessum tíma (tölur 2.7 og 2.8).



### Einstaklingsmálategymi

Þær breytingar urðu á árinu á vinnu við einstaklingsmál á Fræðslumiðstöð að frá hausti 2000 var sett á laggirnar einstaklingsmálategymi sem í áttu sæti umboðsmaður foreldra og skóla, forstöðumaður þjónustusviðs, sem stýrði teyminu, deildarstjóri sálfræðideildar og tveir sérkennsluráðgjafar. Verkefni teymisins er að skipuleggja vinnu með einstak-

### Sálfræðiþjónusta

Sálfræðideild Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur veitir grunnskólum borgarinnar sálfræðiþjónustu, að skólum í Grafarvogi undanskyldum sem Miðgarður þjónar. Klébergsskóli á Kjalarnesi kaupir sálfræðiþjónustu af verktaka. Sérskólarnir Öskjuhlíðarskóli og Vesturhlíðarskóli kaupa einnig sálfræðiþjónustu af verktökum. Einholtsskóli fær

Tafla 2.5

*Málum sem vísað var til forstöðumanns þjónustusviðs eftir ástæðu tilvísunar 1999-2000*

Tilfni	Fjöldi einstaklinga 1999	Fjöldi einstaklinga 2000
Ágreiningur/stjórnun		2
Barnaverndarmál	18	5
Einelti	4	8
Fíkniefni/ áfengisvandi	3	
Fjármál		1
Fötlan	17	18
Hegðun/félagslegir erfiðleikar	28	
Hegðun/samskipti		7
Ofbeldi	6	5
Ofvirkni/hegðun		14
Ofvirkni/ofbeldi		8
Samskipti foreldra og kennara	4	
<b>Samtals</b>	<b>80</b>	<b>68</b>

Tafla 2.6

*Málum sem vísað var til forstöðumanns þjónustusviðs eftir skólastigi 1999-2000*

Skólastig	Fjöldi mála 1999	Fjöldi mála 2000
1.-4. bekkur	22	30
5.-7. bekkur	26	25
8.-10. bekkur	32	13
<b>Samtals</b>	<b>80</b>	<b>68</b>

Tafla 2.7

**Málum sem vísað var til einstaklingsmálateymis eftir ástæðu tilvísunar**

Tilfni	Fjöldi einstaklinga
Barnaverndarmál	2
Barnaverndarmál/hegðun/ofbeldi	12
Barnaverndarmál/samskipti foreldra og skóla/hegðun	1
Barnaverndarmál/sækir ekki skóla	15
Einelti	4
Fatlanir	16
Fatlanir/brottvísanir	7
Hegðun/félagslegir örðugleikar	17
Lögreglumál/brottvísanir	2
Námsörðugleikar	4
Ofbeldi	4
Ofvirkni/hegðun/samskipti	7
Ósk um stuðning	4
Sækir ekki skóla	4
<b>Samtals</b>	<b>99</b>

Tafla 2.8

**Málum sem vísað var til einstaklingsmálateymis eftir skólastigi**

Skólastig	Fjöldi mála
1.-4. bekkur	33
5.-7. bekkur	25
8.-10. bekkur	41
<b>Samtals</b>	<b>99</b>



þjónustu frá sálfræðingum Stuðla. Dalbrautarskóla er þjónað frá Barna- og unglingageðdeild Landsspítalans.

Á skólaárinu 1999-2000 var 681 mál vísað til sálfræðideildar Fræðslumiðstöðvar (tafla 2.9). Þetta er fjölgun um tæplega 8%, eða 49 mál, frá skólaárinu 1999-2000. Málum á biðlista fjölgaði um 18 eða um 54% frá 1999 til 2000, sem skýrist meðal annars af því að sálfræðingum fækkaði um einn.


Sálfræðiþjónusta dreifdist nokkuð jafnt á flesta árganga grunnskólans. Flestar tilvísanir voru vegna barna fæddra 1990: alls 85 mál, þar af 52 vegna drengja (mynd 2.2).

Fleiri nemendum en áður var vísað til sálfræðideildar vegna vanlíðunar. Stúlkum í þessum hópi hefur fjölgað umtalsvert síðustu tvö ár. Flest mál sem koma inn á borð sálfræðideildar eru vegna hegðunarvanda. Sem fyrr þiggja fleiri drengir en stúlkur aðstoð sálfræðideildar (tafla 2.10).

Tilvísunarástæður sem kennarar merkja við þegar máli er vísað til sálfræðideildar gefa til kynna mat þeirra á því í hverju vandinn sé fólgin, þannig að sveiflur milli skólaára geta bent til breytinga á mati kennara milli ára.


Mynd 2.2

**Fjöldi barna sem vísað var til sálfræðideildar Fræðslumiðstöðvar skólaárið 1999-2000 eftir fæðingarári og kyni**



Mynd 2.3

**Flokkun mála á sálfræðideild eftir tíma sem fór í vinnslu**





Á mynd 2.3 sést flokkun mála eftir tíma sem fór í að vinna hvert þeirra. Þyngd máls er skilgreind eftir því í hve margar klukkustundir sálfræðingur hefur unnið við málið. Fyrstu tveir flokkarnir teljast til ráðgjafar en seinni flokkarnir tveir eru greining og þung mál.

háttum. Slík ráðgjöf var veitt af almennum kennsluráðgjöfum sem voru tveir fyrri hluta ársins og fjórir á haustmánuðum. Samtals fóru kennsluráðgjafar í 157 heimsóknir í 47 bekkir á árinu og voru flestar þeirra á yngri barna stigi (tafla 2.11 og 2.12 á næstu síðu). Þetta eru færri heimsóknir en í fyrra og skýrist það af færri starfsmönnum.

### Einstaklingsmál í höndum kennsluráðgjafa

Þrjú starfsmenn kennsludeildar, deildarstjóri og tveir sérkennsluráðgjafar, vinna að málum einstakra nemenda sem vísað er til deildarinnar. Þeir sinntu um 200 málum einstaklinga á árinu og voru um 40% þeirra vegna breytinga á skólavist (tafla 2.13 á næstu síðu).

### Kennsla í sænsku og norsku

Tveir kennsluráðgjafar á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur veita ráðgjöf í norsku og sænsku og skipuleggja kennsluna í Reykjavík. Ráðgjafafjónustan stendur öllum sveitarfélögum til boða, sækist þau eftir henni. Fjarkennsla hefur verið tekin upp í norsku í elstu bekkjunum og gefst vel. Fjarkennsla í norsku var í fimm sveitarfélögum auk Reykjavíkur. Kennsluráðgjöf í norsku var veitt í tólf sveitarfélögum auk Reykjavíkur. Nemendur í norsku í Reykjavík voru 51 úr 21 skóla. Kennsluráðgjöf í sænsku var veitt í 24 sveitarfélögum auk Reykjavíkur. Nemendur í sænsku í Reykjavík voru 122 og komu úr 26 skólum (tölur 2.14 og 2.15 á næstu opnu).



### Kennsluráðgjöf við almennt bekkjarstarf

Kennsluráðgjöf sem veitt er frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur má í grófum dráttum skipta í þrennt, þ.e. námsráðgjöf, ráðgjöf vegna bekkjarstarfs og ráðgjöf vegna einstaklinga (sjá hér að framan). Ráðgjöf vegna bekkjarstarfs snýr að heilum bekkjum og er veitt ef erfiðleikar eru í bekk eða að kennari óskar eftir aðstoð vegna sérstakra verkefna eða breytinga á kennslu-

Tafla 2.9

#### Tilvísanir til sálfræðideildar

	1996-1997	1997-1998	1998-1999	1999-2000
Fjöldi tilvísana	681	547	632	681
Hlutfall drengja	66%	64%	65%	62%
Hlutfall stúlkna	34%	36%	35%	38%
<b>Hlutfall mála á biðlista að vori</b>	<b>15%</b>	<b>5%</b>	<b>5%</b>	<b>8%</b>

Tafla 2.10

#### Fjórar algengustu tilvísunarástæður drengja og stúlkna skólaárið 1999-2000

Ástæða	Fjöldi drengja	Hlutfall drengja	Fjöldi stúlkna	Hlutfall stúlkna	Fjöldi alls	Hlutfall alls
Nám	58	15%	45	19%	103	15%
Líðan og hegðun	62	16%	16	6%	78	11%
Nám og hegðun	63	16%	17	7%	80	12%
Líðan	45	11%	55	23%	100	15%
Fleiri en ein	165	42%	108	45%	273	40%
Kemur ekki fram kyn/ástæða					47	7%
<b>Samtals</b>	<b>393</b>	<b>100%</b>	<b>241</b>	<b>100%</b>	<b>681</b>	<b>100%</b>

Tafla 2.11

**Yfirlit yfir ráðgjöf við kennara vegna bekkjarstarfs og heimsóknir í bekki**

Skólastig	Yngsta stig 1.-4. bekkur	Miðstig 5.-7. bekkur	Unglingastig 8.-10. bekkur	Samtals
Fjöldi bekkja	25	17	5	47
Fjöldi heimsókna	78	63	16	157

Tafla 2.12

**Skólar sem fengu kennsluráðgjöf vegna bekkjarstarfs 1998-2000**

Skóli	Fjöldi bekkja 1998	Fjöldi bekkja 1999	Fjöldi bekkja 2000
Austurbæjarskóli	1	1	2
Álftamýrarskóli	4		2
Árbæjarskóli	4		1
Ártúnsskóli	1		
Borgaskóli		1	2
Breiðagerðisskóli	11	6	
Breiðholtsskóli	2		
Engjaskóli			1
Fellaskóli	3	2	3
Foldaskóli	3	3	1
Fossvogsskóli		1	
Grandaskóli	1	2	
Hamraskóli	4	2	1
Háteigsskóli	4	4	3
Hlíðaskóli	3	1	5
Hólabrekkuskóli		1	2
Húsaskóli	4	1	6
Hvassaleitisskóli	1		
Klébergsskóli		3	2
Langholtsskóli	1	3	4
Laugarnesskóli	12	3	3
Melaskóli		1	
Rimaskóli	4	2	3
Seláskóli	4		2
Seljaskóli	2	2	
Vesturbæjarskóli			3
Vogaskóli	2	1	
Ölduselsskóli	17	9	1
<b>Samtals</b>	<b>88</b>	<b>49</b>	<b>47</b>



Tafla 2.13

**Einstaklingsmál sem unnið var að á kennsludeild**

Tílefni	Fjöldi einstaklinga
Námsvandi	44
Hegðun og samskipti	52
Breyting á skólavist/ skólabyrjun	78
Fötlun	22
Annað	5
<b>Samtals</b>	<b>201</b>

**Þjónusta við nemendur með íslensku sem annað tungumál**

Íslenska sem annað tungumál var kennd í 31 skóla í Reykjavík á árinu 2000. Börn sem fá þessa kennslu eru flest af erlendum uppruna en hluti þeirra er af íslenskum ættum en hefur búið langdvölum erlendis.

Tafla 2.14

**Sænsku- og norskukennsla í Reykjavík**


Kennslustaður	Fjöldi nemenda í sænsku	Fjöldi nemenda í norsku
Árbæjarskóli	14	-
Foldaskóli	13	7
Grandaskóli	-	6
Hagaskóli	18	-
Hlíðaskóli	10	10
Langholtsskóli	12	-
Miðbæjarskóli	18	-
Réttarholtsskóli	23	-
Seljaskóli	14	-
Fjarkennsla	-	28
<b>Samtals</b>	<b>122</b>	<b>51</b>



Nemendum með annað móðurmál en íslensku fjölgar mjög ört. Haustið 2000 var sótt um sérstaka íslensku-kennslu fyrir 635 grunnskólabörn. Þar af voru 397 af erlendum uppruna en 238 íslensk börn sem höfðu dvalið rúm sex ár erlendis að meðaltali. Umsóknnum fjölgaði um 190 frá árinu 1999 til 2000 (mynd 2.4).

Mynd 2.4

**Fjöldi nemenda með sérstaka kennslu í íslensku 1997-2000**



Tafla 2.15

**Kennsluráðgjöf vegna norsku og sænsku skipt eftir landshlutum**

Landsvæði	Fjöldi nemenda í sænsku	Fjöldi nemenda í norsku
Nágrannasveitarfélög	11	16
Reykjanes	5	-
Vesturland	10	2
Vestfirðir	10	-
Norðurland vestra	7	1
Norðurland eystra	7	1
Austurland	4	1
Suðurland	14	13
<b>Samtals</b>	<b>68</b>	<b>34</b>

Tafla 2.16

**Skólar með móttökudeildir**

Skólar	Fjöldi nemenda
Austurbæjarskóli	51
Breiðholtsskóli	9
Háteigsskóli	32
Vesturbæjarskóli	17
<b>Samtals</b>	<b>109</b>

Tekið er á móti börnum á aldrinum 9 - 15 ára sem eru nýkomin til landsins í móttökudeildum. Fjórar móttökudeildir voru starfandi í Reykjavík haustið 2000, einni fleira

en 1999. Þær eru í Austurbæjarskóla, Breiðholtsskóla, Háteigsskóla og Vesturbæjarskóla. Í móttökudeildunum njóta nemendur kennslu í íslensku máli og menningu, en sækja list- og verkgreinar í almennum bekk. Eftir útskrift úr móttökudeild tekur við nám í almennum bekk með stuðningskennslu í íslensku. Yngri börn fara beint í almennan bekk í heimaskóla en fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Alla jafna er miðað við að börn séu eitt ár í móttökudeild, en sá tími getur þó verið breytilegur eftir atvikum. Alls 109 nemendur, flestir af erlendum uppruna, nutu þjónustu móttökudeilda haustið 2000 (tafla 2.16).

## 3 Grunnskólar Reykjavíkur

Grunnskólar Reykjavíkur starfa eftir lögum um grunnskóla nr. 66/1995, reglugerðum við þessi lög og Aðalnámskrá grunnskóla frá 1999, auk þess sem skólarnir taka mið af samþykktum borgarinnar um skólastarf.

### Fjöldi skóla og hverfaskipting

Enginn grunnskóli bættist við á árinu. Grunnskólar í Reykjavík voru alls 42 haustið 2000, 37 þeirra voru reknir af Reykjavíkurborg, 32 almennir grunnskólar og fimm sérskólar (tafla 3.1). Auk þeirra störfuðu fimm einkaskólar í borginni.

Tafla 3.1

#### Fjöldi grunnskóla eftir gerð skóla

Gerð skóla	Fjöldi
Heildstæðir skólar, 1.-10. bekkur <sup>1</sup>	19
Barnaskólar, 1.-7. bekkur	8
Unglingaskólar, 8.-10. bekkur	3
Nýjir skólar, 1.-7. bekkur <sup>2</sup>	2
Sérskólar, 1.-10. bekkur	5
<b>Samtals<sup>3</sup></b>	<b>37</b>

1) Einn þessara skóla er einnig safnskóli á unglingsstigi.

2) Nýjir skólar þar sem árgöngum fjölga ári frá ári.

3) Að auki starfa fimm einkaskólar á grunnskólastigi í borginni.

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur hefur skipt borginni í fjögur þjónustuhverfi.

#### Þjónustuhverfi 1 Vesturbær og Miðbær

Austurbæjarskóli  
Einholtsskóli  
Grandaskóli  
Hagaskóli  
Háteigsskóli  
Hlíðaskóli  
Melaskóli  
Vesturbæjarskóli  
Vesturhlíðarskóli  
Öskjuhlíðarskóli

#### Þjónustuhverfi 3 Grafarvogur og Kjalarnes

Borgaskóli  
Engjaskóli  
Foldaskóli  
Hamraskóli  
Húsaskóli  
Klébergsskóli  
Korpusskóli  
Rimaskóli



#### Þjónustuhverfi 2 Austurbær

Álftamýrarskóli  
Breiðagerðisskóli  
Dalbrautarskóli  
Fossvogsskóli  
Hvassaleitisskóli  
Langholtsskóli  
Laugalækjarskóli  
Laugarnesskóli  
Réttarholtsskóli  
Safamýrarskóli  
Vogaskóli

#### Þjónustuhverfi 4 Breiðholt og Árbær

Árbæjarskóli  
Ártúnsskóli  
Breiðholtsskóli  
Fellaskóli  
Hólabrekkuskóli  
Seláskóli  
Seljaskóli  
Ölduselsskóli

Mynd 3.1  
Staðsetning grunnskóla Reykjavíkur



# Nemendafjöldi

Haustið 2000 voru nemendur í grunnskólum í Reykjavík 15.178 og hafði þeim fjölgað um 253 frá árinu áður. Í almennum grunnskólum voru nemendur 14.459 og hafði fjölgað um 217 frá árinu 1999. Í sérskólum voru 175 nemendur og hafði fjölgað um 10 frá árinu áður. Nemendur einkaskóla voru 544 og hafði fjölgað um 26 frá 1999 (tölur 3.2, 3.3, 3.4 og 3.5). Hlutfall grunnskólanemenda af íbúum Reykjavíkur var 13,9% sem er órlítið hærra en undanfarin ár.

## Sérskólar

Í Reykjavík störfuðu fimm sérskólar sem þjónuðu öllu landinu samkvæmt samningi milli Reykjavíkurborgar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga (tafla 3.4).

## Einkaskólar


Einkaskólar í Reykjavík voru fimm haustið 2000 og hlutu allir fjárframlög frá Reykjavíkurborg sem miðuðust við fasta upphæð á hvern nemanda eða 174.000 kr. (tafla 3.5).

## Þróun nemendafjölda

Nemendum í grunnskólum í Reykjavík hefur fjölgað síðustu ár, en þegar litið er yfir síðustu tvo áratugi sést að nemendafjöldi sveiflast til og ýmist fjölgar eða fækkar í skólunum (mynd 3.2). Nemendur urðu flestir skólaárið 1972-1973, en þá voru þeir nærri 17.200. Næstu árin á eftir fækkaði þeim og tíu árum síðar voru þeir rúmlega 12.700. Síðan hefur nemendum fjölgað og voru orðnir 15.178 á skólaskylduáldri haustið 2000. Mest fjölgaði þeim árið 1998 til 1999 eða um 253 meðal annars vegna þess að þá gengu Kjalnesingar til liðs við Reykvíkinga og Klébergsskóli með 126 nemendum varð einn af grunnskólum Reykjavíkur. Gert er ráð fyrir að nemendum grunnskóla

Mynd 3.2

Nemendafjöldi í grunnskólum Reykjavíkur 1984-2005



Reykjavíkur fjölgi áfram og hámarki verði náð skólaárið 2002 - 2003 en þá verði nemendur orðnir um eða yfir 16.000. Haustið 2004 er búist við að aftur dragi úr fjölgun. Til grundvallar spánni á mynd 3.2 eru annars vegar tölur um fjölda fæddra barna í Reykjavík árin 1969-1999 og hins vegar fjölda barna 6-15 ára í skólum borgarinnar árin 1984-2000. Á tímabilinu frá 1984-2000 er breytilegt hversu hátt hlutfall fæddra barna í hverjum árgangi skilar sér inn í grunnskólann og gefur þetta vísbendingar um fólksflutninga til og frá borginni. Lægst var hlutfallið 1984 en þá voru nemendur í grunnskólum Reykjavíkur aðeins um 84% þeirra sem fæddust í borginni á tímabilinu 1969-1978. Þetta lága hlutfall skýrist fyrst og fremst af fólksflutningum frá Reykjavík á síðari hluta áttunda áratugarins. Hlutfallið hækkaði á næstu árum. Skólaárið 1992-1993 var nemendafjöldinn 98% af fjölda fæddra barna í Reykjavík árin 1977-1986. Síðan hefur hlutfallið aftur lækkað



Tafla 3.2

Heildarfjöldi nemenda haustin 1997-2000

Gerð skóla	1997	1998	1999	2000
Almennir grunnskólar	13.844	14.103	14.242	14.459
Sérskólar	177	160	165	175
Einkaskólar <sup>1</sup>	521	524	518	544
<b>Samtals</b>	<b>14.542</b>	<b>14.787</b>	<b>14.925</b>	<b>15.178</b>

1) Fimm ára nemendur eru ekki taldir með.

Tafla 3.3

## Fjöldi nemenda í almennum grunnskólum haustið 2000

Skóli	Skólastig	Fjöldi nemenda	Stofnár
Austurbæjarskóli	1.-10. bekkur	558	1930
Álftamýrarskóli	1.-10. bekkur	362	1964
Árbæjarskóli	1.-10. bekkur	824	1967
Ártúnsskóli	1.-7. bekkur	210	1987
Borgaskóli	1.-7. bekkur	260	1998
Breiðagerðisskóli	1.-7. bekkur	392	1955
Breiðholtsskóli	1.-10. bekkur	556	1969
Engjaskóli	1.-10. bekkur	476	1995
Fellaskóli	1.-10. bekkur	552	1975
Foldaskóli	1.-10. bekkur	700	1985
Fossvogsskóli	1.-7. bekkur	353	1971
Grandaskóli	1.-7. bekkur	436	1986
Hagaskóli	8.-10. bekkur	467	1958
Hamraskóli	1.-10. bekkur	372	1991
Háteigsskóli	1.-10. bekkur	388	1973
Hlíðaskóli	1.-10. bekkur	533	1955
Hólabrekkuskóli	1.-10. bekkur	567	1974
Húsaskóli	1.-10. bekkur	512	1991
Hvassaleitisskóli	1.-10. bekkur	327	1966
Klébergsskóli	1.-10. bekkur	121	1929
Korpuskóli	1.-7. bekkur	202	1999
Langholtsskóli	1.-10. bekkur	537	1952
Laugalækjarskóli	8.-10. bekkur	150	1960
Laugarnesskóli	1.-7. bekkur	537	1935
Melaskóli	1.-7. bekkur	618	1936
Réttarholtsskóli	8.-10. bekkur	274	1956
Rimaskóli	1.-10. bekkur	764	1993
Seláskóli	1.-7. bekkur	427	1986
Seljaskóli	1.-10. bekkur	670	1979
Vesturbæjarskóli	1.-7. bekkur	325	1958
Vogaskóli	1.-10. bekkur	403	1959
Ölduselsskóli	1.-10. bekkur	586	1975
<b>Samtals</b>		<b>14.459</b>	



Tafla 3.4

## Fjöldi nemenda í sérskólum haustið 2000

Skóli	Skólastig	Fjöldi nemenda
Dalbrautarskóli	1.-10. bekkur	19
Innlögð börn á Barna- og unglingageðdeild Landspítalans		
Einholtsskóli <sup>1</sup>	8.-10. bekkur	20
Nemendur á unglingastigi sem af ýmsum félagslegum ástæðum geta ekki sótt almenna grunnskóla		
Safamýrarskóli <sup>2</sup>	1.-10. bekkur	20
Fjölfatlaðir nemendur		
Vesturhlíðarskóli	1.-10. bekkur	20
Heyrnarskertir og heyrnarlausir nemendur		
Öskjuhlíðarskóli	1.-10. bekkur	96
Greindarskertir nemendur		
<b>Samtals</b>		<b>175</b>

1) Einholtsskóli þjónaði einnig nemendum á Stuðlum (7) og nemendum á meðferðarheimilinu Háholti í Skagafirði (6).

2) Átta nemendur á framhaldsskólaaldri stunduðu einnig nám í Safamýrarskóla.

Tafla 3.5

**Fjöldi nemenda í einkaskólum haustið 2000**

Skóli	Skólastig	Fjöldi nemenda
Landakotsskóli <sup>1</sup>	1.-9. bekkur	191
Skóli Ísaks Jónssonar <sup>2</sup>	1.-3. bekkur	200
Suðurhlíðarskóli	1.-10. bekkur	63
Tjarnarskóli	8.-10. bekkur	63
Waldorfskólinn Sólstafir	1.-7. bekkur	27
<b>Samtals</b>		<b>544</b>

1) Að auki voru 22 fimm ára nemendur í Landakotsskóla.

2) Að auki voru 92 fimm ára nemendur í Skóla Ísaks Jónssonar.

og haustið 2000 skiluðu sér 90% þeirra barna sem fæddust í Reykjavík á árunum 1985-1994. Meðaltal fyrir tímabilið 1984-2000 er 93%. Erfitt er að segja til um hvort hlutfallið heldur áfram að lækka en spáin byggist á því að 92% af fæðingarágangnum að meðaltali skili sér inn í skólana. Miðað við þróun síðustu fjögurra ára þar sem 86-90% hafa skilað sér inn í 1. bekk má búast við því að spáin sé fremur í hærra lagi. Nákvæmari spá fyrir einstök ár er því birt í töflu 3.6

en þar er sýnt hve mikilli fjölgun má búast við í grunnskólum Reykjavíkur næstu fimm ár (fimm ára nemendur og nemendur sérskóla eru ekki taldir með í spánni). Í töflunni er sýnt hve mikið fjölgar á ári hverju miðað við að 85%, 90% og 95% þeirra sem fæðast í borginni skili sér inn í skólanna þegar sá tími kemur (þ.e. börn fædd 1995 koma inn árið 2001, börn fædd 1996 árið 2002 o.s.frv.) (tafla 3.6).



Tafla 3.6

**Væntanlegur nemendafjöldi í grunnskólum Reykjavíkur 2001-2005<sup>1</sup>**

Skólaár	2001-2002	2002-2003	2003-2004	2004-2005	2005-2006
Fjölgun/fækkun miðað við 85% fæðingarágangs í 1. bekk (mismunur á 1. og 10. bekk)	240	199	22	-96	-121
Nemendafjöldi miðað við 85% fæðingarágangs í 1. bekk, aðrir árgangar eins og nú	15.243	15.442	15.466	15.369	15.248
Fjölgun/fækkun miðað við 90% fæðingarágangs í 1. bekk (mismunur á 1. og 10. bekk)	327	287	107	-13	-39
Nemendafjöldi miðað við 90% fæðingarágangs í 1. bekk, aðrir árgangar eins og nú	15.330	15.617	15.725	15.711	15.672
Fjölgun miðað við 95% fæðingarágangs í 1. bekk (mismunur á 1. og 10. bekk)	415	375	191	70	43
Nemendafjöldi miðað við 95% fæðingarágangs í 1. bekk, aðrir árgangar eins og nú	15.418	15.793	15.983	16.053	16.096

1) Fjöldi í almennum grunnskólum og einkaskólum, fimm ára börn ekki meðtalin.



# Skólastarf

## Fjöldi skóladaga

Skólaárið 1999-2000 mættu nemendur í skólann miðvikudaginn 1. september 1999 og var skólum slitið miðvikudaginn 31. maí 2000. Skólaárið 2000-2001 var skólasetning föstudaginn 1. september og kennsla hófst mánudaginn 4. september.

## Fjöldi kennslustunda

Samkvæmt grunnskólalögum frá árinu 1995 lengist skóladagur grunnskólanemenda fram til ársins 2001. Haustið 2000 fjölgaði kennslustundum í Reykjavík um eina í 5. og 6. bekk og um eina á unglingsstigi það er að segja í 8. - 10. bekk (tafla 3.7). Reykjavík var á árinu á undan áætlun grunnskólaganna um eina kennslustund á viku.

Tafla 3.7

### Fjöldi kennslustunda samkvæmt lögum fram til ársins 2001

	1.- 4. bekkur	5.- 7. bekkur	8.- 10. bekkur
1999	30	32,32,35	35
2000	30	33,33,35	36
2001	30	35	37

Tafla 3.8

### Hlutfallsleg nýting viðbótarstunda hjá 32 skólum haustið 2000

Hlutfall af úthlutuðum stundum	
Bekkjum skipt í sundi, heimilisfræði eða handmennt	48%
Bekkjum skipt í öðrum greinum	16%
Nýir bekkir búnir til	8%
Tveir kennarar inni í bekk í einu	8%
Sérkennsla	8%
Kennsla á skólasafni	6%
Kórstjórn	1%
Annað	5%
<b>Samtals</b>	<b>100%</b>

## Viðbótarstundir til sveigjanlegs skólastarfs

Stundum til sveigjanlegs skólastarfs er úthlutað miðað við fjölda nemenda í bekkjardeild. Einni kennslustund er úthlutað á hvern nemanda umfram 16 í 1.-3. bekk, einni kennslustund á hvern nemanda umfram 20 í 4.-8. bekk og einni kennslustund á hvern nemanda umfram 22 í 9. og 10. bekk. Haustið 2000 var úthlutað 1915 viðbótarstundum til sveigjanlegs skólastarfs og samsvarar það um 70 stöðugildum kennara eins og árið á undan.

Í könnun sem gerð var meðal skólastjóra var spurt um nýtingu viðbótarstunda til sveigjanlegs skólastarfs (tafla 3.8).

## Fjöldi bekkjardeilda


- meðalfjöldi nemenda í bekk  
Haustið 2000 voru 698 bekkjardeildir í grunnskólum Reykjavíkur og hafði fjölgað um 11 frá haustinu 1999 (mynd 3.3).

Meðalfjöldi nemenda í bekk var 19,6 haustið 2000 og eru stundir til sveigjanlegs skólastarfs meðtaldar (mynd 3.4 á næstu síðu).

Haustið 2000 var kennt eftir hádegi í 36 bekkjum í grunnskólum Reykjavíkur og hafði síðdegis-bekkjum fækkað um 12 frá fyrra ári (mynd 3.5 á næstu síðu).


Mynd 3.3

### Fjöldi bekkjardeilda 1990-2000



Mynd 3.4

**Meðalfjöldi nemenda í bekkjardeild 1960-2000**



Dökku súlurnar tákna meðalfjölda í bekkjardeild þegar ekki er tekið tillit til viðbótarstunda til sveigjanlegs skólastarfs.



**Skólanámskrár - starfsáætlanir skóla**

Skólanámskrár grunnskóla Reykjavíkur voru yfirfarnar og metnar á árinu 2000 samkvæmt gátlista sem unninn var á Fræðslumiðstöð og gefinn út árið 1997. Kennsluráðgjafar og deildarstjóri kennsludeildar mátu námskrárnar. Skólarnir fengu umsögn ásamt tilboði um aðstoð við frekari vinnu við skólanámskrárgerð.

Í töflu 3.9 er sýnd staða skólanámskrárgerðar í grunnskólum Reykjavíkur síðustu fjögur skólaár eða frá því að námskrárnar voru fyrst yfirfarnar á þennan hátt. Þeim fjölgaði ört sem skiluðu fullnægjandi skólanámskrám, sárafáir skiluðu að hluta og aðeins tveir skólar skiluðu ekki skólanámskrá haustið 2000.




**Árangur á prófum**

Grunnskólanemendur þreyttu samræmd próf á árinu 2000 í tveimur greinum í 4. og 7. bekk og fjórum greinum í 10. bekk. Meðaleinkunnir reykvískra nemenda í 10. bekk voru hæstar yfir landið í öllum prófgreinum og einkunnir nemenda í 7. bekk voru líka hæstar yfir landið í báðum prófgreinum, íslensku og stærðfræði. Meðaleinkunnir reykvískra skólabarna í báðum prófgreinum í 4. bekk voru í meðallagi (töflur 3.10, 3.11 og 3.12).

Mynd 3.5

**Fjöldi síðdegisbekkja 1987-2000**



Tafla 3.9

**Skil á skólanámsskrám 1997-2000**

	1997-1998	1998-1999	1999-2000	2000-2001
Fullnægjandi skólanámsskrá	14	24	15	30
Drög eða hluti skólanámsskrár	14	5	10	5
Fullnægjandi skólanámsskrá 1998-1999 sem er í endurskoðun vegna nýrrar aðalnámsskrár			8	
Skila ekki	6	7	4	2
	<b>34</b>	<b>36</b>	<b>37</b>	<b>37</b>



Tafla 3.10

**Samræmdar normaldreifðar meðaleinkunnir nemenda í 10. bekk vorið 2000**

	Stærðfræði	Íslenska	Danska	Enska
Reykjavík	5,3	5,4	5,4	5,5
Nágrenni Reykjavíkur	5,2	5,1	5,1	5,1
Suðurnes	4,2	4,3	4,6	4,6
Vesturland	4,6	4,4	4,3	4,1
Vestfirðir	4,7	4,6	4,4	4,6
Norðurland vestra	4,8	4,6	4,9	4,5
Norðurland eystra	4,8	4,9	4,6	4,8
Austurland	4,8	4,9	5,3	4,7
Suðurland	4,7	4,7	4,5	4,4
<b>Landið allt</b>	<b>5,0</b>	<b>5,0</b>	<b>5,0</b>	<b>5,0</b>



Tafla 3.11

**Samræmdar normaldreifðar meðaleinkunnir nemenda í 7. bekk haustið 2000**

	Stærðfræði	Íslenska
Reykjavík	5,2	5,3
Nágrenni Reykjavíkur	5,1	5,1
Suðurnes	4,7	4,4
Vesturland	4,7	4,6
Vestfirðir	4,9	4,7
Norðurland vestra	4,6	4,7
Norðurland eystra	5,0	5,2
Austurland	4,6	4,8
Suðurland	4,7	4,7
<b>Landið allt</b>	<b>5,0</b>	<b>5,0</b>

Tafla 3.12

**Samræmdar normaldreifðar meðaleinkunnir nemenda í 4. bekk haustið 2000**

	Stærðfræði	Íslenska
Reykjavík	5,0	5,0
Nágrenni Reykjavíkur	5,3	5,2
Suðurnes	4,5	4,3
Vesturland	5,0	4,8
Vestfirðir	4,7	4,7
Norðurland vestra	4,7	5,0
Norðurland eystra	5,1	5,3
Austurland	4,9	5,0
Suðurland	4,7	4,7
<b>Landið allt</b>	<b>5,0</b>	<b>5,0</b>

## Þemaverkefni

Hefðbundið bekkjarstarf er á vissan hátt á undanhaldi í skólum og æ algengara verður að nemendur vinni saman í hópum að ýmsum þemaverkefnum, stundum þvert á árganga. Á vorönn 2000 unnu alls 30 skólar að alls um 100 verkefnum og tók fjöldi nemenda þátt í þeim. Á haustönn 2000 unnu alls 20 skólar að 42 þemaverkefnum sem er svipaður fjöldi og á haustönn 1999 (tölur 3.13 og 3.14).

Tafla 3.13

### Fjölmennustu þemaverkefni á vorönn 2000

Verkefni	Fjöldi þátttakenda	Árgangar
Menningarborg 2000	2.681	1.-10. bekkur
Kristnitaka árið 1000	2.171	1.-10. bekkur
Listadagar - Listir og menning	1.682	1.-10. bekkur
Trú, menning og listir á Íslandi árið 2000	1.655	1.-10. bekkur
Hreyfing og útivist, útivistarverkefni	1.105	1.-10. bekkur
Náttúrufræði - umhverfið	908	1.-10. bekkur
Afmæli Foldaskóla	730	1.-10. bekkur
Kirkjuklukudagar	600	1.-10. bekkur
Vinátta	600	1.-10. bekkur
70 ára afmæli Austurbæjarskóla	560	1.-10. bekkur
Menningarborgir Evrópu	555	1.-10. bekkur
Fullveldishátíð	550	1.-7. bekkur
Vorhátíð	500	1.-7. bekkur
Landfræði	400	1.-2. og 5.-10. bekkur
Kurteisi og virðing	384	1.-10. bekkur
Danshátíð í Laugardalshöll	300	1.-4. bekkur
Ævintýri	230	1.-4. bekkur
Jóhannes úr Kötlum	183	1.-6. bekkur
Páskar	183	1.-6. bekkur
Gamalt í öndvegi	167	5.-7. bekkur
Greindarkenning Gardners	130	1.-6. bekkur
Húsdýr	121	1.-2. bekkur
Ástin	114	8.-10. bekkur
Þjóðsögur	103	1.-3. bekkur



## Skólasöfn

Skólasöfn eru starfrækt í öllum almennum grunnskólum borgarinnar. Þar er að finna margvíslegt ítarefni og kennslugögn, bækur, tímarit, myndbönd og tölvuforrit.

Fjöldi útlána á nemanda er afar misjafn eftir skólum, allt frá þremur til fjórum bókum á nemanda á ári og upp í nærri fjörutíu bækur. Athyglisvert er að fjöldi útlána á nemanda fer vaxandi í öllum árgöngum (tafla 3.15 og mynd 3.6).

## Sérkennsla

Sérkennslan skiptist annarsvegar í almenna sérkennslu, þar sem ýmist er kennt samkvæmt einstaklingsnámskrá, hópnámskrá eða í bekk og hinsvegar kennslu í almennum sérdeildum, sérhæfðum sérdeildum og í sérskólum. Misjafnt er hvort nemendur fá sérkennslu alla skólagöngu sína eða hluta af henni (mynd 3.7 og tafla 3.18 á næstu opnu).

Um 20% kennslumagns við grunnskóla Reykjavíkur var varið til sérkennslu haustið 2000 eða um


Tafla 3.14

## Fjölmennustu þemaverkefni á haustönn 2000

Verkefni	Fjöldi þátttakenda	Árgangar
Kristni í 1000 ár	1.566	1.-7. bekkur
Dagur íslenskrar tungu	1.300	1.-10. bekkur
Ísland fullvalda ríki - Fullveldishátíð	734	1.-7. bekkur
Öskjuhlíðarverkefni	530	1.-10. bekkur
Grafarvogur fyrr og nú	513	1.-10. bekkur
Landafundir og kristnitaka	430	1.-7. bekkur
Útidagar	427	1.-7. bekkur
Samvinnuverkefni Orkuveitu og 70 ára afmælis Austurbæjarskóla	175	3., 5. og 9. bekkur
Endurvinnslan	165	1.-4. bekkur
Jólin koma	164	1.-3. bekkur
Stærðfræði	164	1.-3. bekkur
Alþingi	123	5.-7. bekkur
Laugardalur	114	8.-10. bekkur
Víkingarnir	100	3.-4. bekkur
Ég og skólinn minn	97	1.-10. bekkur

Mynd 3.6

## Fjöldi útlána á nemanda 2000 eftir árgöngum



Tafla 3.15

## Útlán í skólasöfnum 2000

Skóli	Fjöldi útlána á nemanda 1999	Fjöldi útlána á nemanda 2000	Heildarfjöldi útlána til nemenda 2000
Austurbæjarskóli	15,0	22,8	12.738
Álftamýrarskóli	9,7	15,0	5.424
Árbæjarskóli	15,3	14,6 <sup>1)</sup>	12.030 <sup>1)</sup>
Ártúnsskóli	22,9	38,2	8.032
Borgaskóli <sup>2)</sup>			
Breiðagerðisskóli	10,6	12,8	5.035
Breiðholtsskóli	12,0	17,4	9.683
Engjaskóli	8,9	7,1	3.377
Fellaskóli	6,7	8,6	4.726
Foldaskóli	6,4	11,6	8.131
Fossvogsskóli	3,8	9,3	3.287
Grandaskóli	12,4	15,0	6.522
Hagaskóli	3,4	3,5	1.639
Hamraskóli	9,2	10,0	3.707
Háteigsskóli	5,6	6,4	2.478
Hlíðaskóli	12,3	17,2	9.175
Hólabrekkuskóli	17,3	25,1	14.255
Húsaskóli	10,0	12,0	6.154
Hvassaleitisskóli	3,2	10,0	3.256
Klébergsskóli <sup>3)</sup>			
Korpuskóli <sup>2)</sup>			
Langholtsskóli	10,7	12,1	6.505
Laugalækjarskóli <sup>4)</sup>			
Laugarnesskóli	17,9	19,6	10.552
Melaskóli	10,0	14,3	8.814
Réttarholtsskóli	2,2	2,5	698,00
Rimaskóli	8,4	8,8	6.717
Seláskóli	28,2	35,1	14.991
Seljaskóli	15,9	15,9	10.665
Vesturbæjarskóli	8,0	10,1	3.267
Vogaskóli	7,8	9,9	3.981
Ölduselsskóli	11,0	13,2	7.758
<b>Samtals</b>	<b>10,7<sup>5)</sup></b>	<b>13,4<sup>5)</sup></b>	<b>181.567</b>

1) Áætlað, vegna breytinga á skráningakerfi. 2) Nýr skóli. Bókasafn ekki komið upp.

3) Safnið er bæði skólabókasafn og Borgarbókasafn. 4) Lánar ekki út bækur.

5) Vegið meðaltal.

6.400 tímum á viku og er þá meðtalin sérkennsla í almennum skólum, kennsla í sérhæfðum sérdeildum og kennsla í sérskólum (mynd 3.7). Alls nutu 2.588 börn sérkennslu haustið 2000 eða 17,8% af heildarfjölda nemenda (tafla 3.18). Hluti nemenda í sérskólunum er úr öðrum sveitarfélögum. Um 7-8% nemenda hafa þegar fengið greiningu um sérkennsluþörf áður en skólaganga hefst (tafla 3.16).

Um 2.270 nemendur í almennum grunnskólum í Reykjavík fengu sérkennslu haustið 2000, eða um 16% allra nemenda (tafla 3.17).

Mikill meirihluti sérkennslu fer fram í litlum hópum utan bekkjar eða í um 74% tilfella en hlutfall kennslu í tímabundnum námskeiðum er tæplega 8%, í einstaklingstímum 5% og í tveggja kennara kerfi um 13% (mynd 3.8).

Tafla 3.16

*Fjöldi 6 ára barna sem fengið höfðu greiningu hjá Sérkennslu- og sálfræðideild Leikskóla Reykjavíkur (SOS) og Greiningar- og ráðgjafarstöð Ríkisins (GRR) áður en þau innrituðust í grunnskóla*

Ár	Fæðingarár	Fjöldi innritaðra í 1. bekk grunnskóla	Fjöldi nemenda frá SOS og GRR	Hlutfall
1995	1989	1.401	104	7,4%
1996	1990	1.462	105	7,2%
1997	1991	1.447	87	6,0%
1998	1992	1.467	92	6,3%
1999	1993	1.527	121	7,9%
2000	1994	1.486	124	8,3%

Tafla 3.17

*Nemendafjöldi í þjónustuverfum og fjöldi nemenda sem fékk almenna sérkennslu*

Þjónustuverfi	Fjöldi nemenda	Fjöldi nemenda með almenna sérkennslu	Hlutfall með almenna sérkennslu
Vesturbær/Miðbær	3.325	517	15,5%
Austurbær	3.335	436	13,1%
Grafarvogur/Kjalarnes	3.407	577	16,9%
Árbær/Breiðholt	4.392	738	16,8%
<b>Samtals</b>	<b>14.459</b>	<b>2.268</b>	<b>15,7%</b>


Tafla 3.18

*Hlutfall nemenda með sérkennslu haustin 1996-2000*

	Hlutfall af heildarfjölda 1996	Hlutfall af heildarfjölda 1997	Hlutfall af heildarfjölda 1998	Hlutfall af heildarfjölda 1999	Hlutfall af heildarfjölda 2000
Sérkennsla, námskrá ekki tilgreind					1,5%
Sérkennsla samkvæmt aðalnámskrá					5,7%
Sérkennsla samkvæmt hópnaámskrá	9,1%	8,2%	9,2%	9,7%	5,0%
Sérkennsla samkvæmt einstaklingsáætlun (aðrir en sérdeildarnemendur)	4,9%	4,9%	4,6%	4,2%	3,4%
Almennar sérdeildir, 1.-7. bekkur	0,6%	0,5%	0,5%	0,6%	0,5%
Almennar sérdeildir, 8.-10. bekkur	0,6%	0,6%	0,6%	0,7%	0,6%
Sérskólar og sérhæfðar sérdeildir (nemendur með lögheimili í Reykjavík)	1,2%	1,0%	0,9%	0,9%	1,1%
<b>Samtals</b>	<b>16,4%</b>	<b>15,2%</b>	<b>15,8%</b>	<b>16,1%</b>	<b>17,8%</b>

Mynd 3.7


*Skipting kennslumagns í grunnskólum Reykjavíkur í almenna kennslu og sérkennslu*



1) Sérhæfðar sérdeildir eru reknar á sambærilegan hátt og sérskólar, samkvæmt samningi við Samband íslenskra sveitarfélaga og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Sérhæfðar sérdeildir í Reykjavík eru: Blindræðing í Álfmýrarskóla, deild hreyfihamlaðra í Hlíðaskóla og deildir einhverfra í Langholtsskóla og Hamraskóla.

Mynd 3.8

**Skipting almennrar sérkennslu eftir kennsluáðstæðum**



Stuðningsfulltrúar sinna fötluðum nemendum og eru sérkennurum til aðstoðar. Haustið 2000 störfuðu 87 stuðningsfulltrúar í almennum grunnskólum í tæplega 62 stöðugildum og 21 í sérskólunum. Þar störfuðu líka þroskaþjálfar og aðrir sérhæfðir starfsmenn og voru þeir alls 9 í rúmlega 8 stöðugildum.

**Tengsl skóla við umhverfið**

Samskipti skóla við foreldra hafa farið vaxandi á síðustu árum. Nefna má námskeið fyrir foreldra 6 ára barna og í sumum skólum fyrir foreldra 8. bekkinga. Ennfremur verður æ algengara að nemendur fari í náms- og kynnisferðir út fyrir skólann og hafi samskipti við nemendur í öðrum skólum landsins og við nemendur í öðrum löndum.

Tafla 3.19

**Yfirlit yfir kennslu á sjúkrahúsum 1997-2000**

	1997	1998	1999	2000
Fjöldi nemenda	252	283	215	224
Heildarfjöldi kennsludaga	1.541	1.395	1.805	1.177
Fjöldi kennsludaga á nemanda	6,1	4,9	8,4	5,3

Tafla 3.20

**Formleg samskipti við foreldra árið 2000**

Árgangur	Hlutfall skóla með foreldraviðtöl	Hlutfall skóla með námsefniskynningu	Hlutfall skóla með aðra upplýsingafundi og fræðslufundi	Hlutfall skóla með önnur foreldrasamskipti
1. bekkur	91%	79%	30%	58%
2. bekkur	91%	82%	3%	24%
3. bekkur	91%	79%	6%	21%
4. bekkur	91%	78%	6%	16%
5. bekkur	97%	78%	9%	16%
6. bekkur	97%	78%	13%	19%
7. bekkur	97%	78%	25%	19%
8. bekkur	96%	68%	32%	29%
9. bekkur	96%	61%	39%	29%
10. bekkur	96%	61%	39%	21%

1) 38 skólar svöruðu spurningu um formleg samskipti við foreldra, 23 þeirra höfðu 1.-10. bekk, 10 skólar höfðu 1.-7. bekk og 5 höfðu 8.-10. bekk.



**Kennsla á sjúkrahúsum**

Austurbæjarskóli annast stjórn sjúkrahúskennslu, en fagleg umsjón kennslu á sjúkrahúsum er í höndum kennsludeildar Fræðslumiðstöðvar. Nemendur í sjúkrahúskennslu eru allsstaðar að af landinu (tafla 3.19). Á árinu 2000 tengdust 4 nemendur sínum bekk í heimaskóla með gagnvirkum fjarkennslubúnaði í lengri eða skemmri tíma.

**Samstarf við foreldra**

Samstarf við foreldra fer fram á foreldrafundum, í foreldra- viðtölum og með ýmiskonar kynningarfundum, auk óformlegra samskipta milli kennara og foreldra. Samkvæmt grunnskólalögum starfa foreldraráð við alla grunnskóla borgarinnar og eru haldnir fundir með foreldrum og skólastjórnendum nokkrum sinnum á ári. Algengustu samskipti við foreldra eru foreldraviðtöl og námsefniskynningar (tafla 3.20).

## Vettvangsferðir í stofnanir og fyrirtæki

Ár hvert fara nemendur allra grunnskóla borgarinnar í vettvangsferðir á vegum skólans í stofnanir eða fyrirtæki. Með þessu verður umhverfið og samfélagið vettvangur skólastarfsins. Á árinu fóru nemendur í vettvangsferðir bæði í Reykjavík og út fyrir borgarmörkin. Algengast var að þeir heimsæktu fyrirtæki eða um 8.400 nemendur en um 7.800 nemendur heimsóttu ýmis söfn (tafla 3.21).

## Myndver

Starfsmaður Réttarholtsskóla þjónar hópum nemenda sem vinna verkefni í ljósmyndun, ljóðagerð og kvikmyndum í myndveri sem þar er til húsa. Fagleg umsjón með starfinu tilheyrir Fræðslumiðstöð. Myndverið tekur við hópum úr þeim skólum sem vilja nýta þessa þjónustu. Aðstaða í myndverinu var bætt mikið á árinu 2000, bæði fyrir þátta-gerð og myndsköpun í skólastarfi. Myndverið þjónar öllum nemendum sem skólar óska eftir að komist í nám



Tafla 3.21

### Vettvangsferðir nemenda árið 2000

Staðir	Fjöldi skóla	Fjöldi nemenda	Árgangar
Stofnanir og fyrirtæki	32	8.401	1.-10. bekkur
Heimsóknir á söfn	31	7.796	1.-10. bekkur
Útivist, náttúruperlur	26	3.855	1.-10. bekkur
Húsdýragarður	22	2.979	1.-10. bekkur
Borgarleikhús, fræðsla	20	1.399	4.-5. bekkur
Leikhúsferðir	19	1.857	2.-10. bekkur
Heimsóknir á sveitabæi	14	2.191	1.-4. og 8.-10. bekkur
Kirkjuheimsóknir	12	3.022	1.-10. bekkur
Framhaldsskólaheimsóknir	9	590	10. bekkur
Skólaskógar	9	448	5.-9. bekkur
Reykir í Hrutafirði	7	362	6.-7. bekkur
Fjörufurðir	6	435	1.-7. bekkur
Miðbær Reykjavíkur- kaffihús	6	464	1.-10. bekkur
Skólaskipið Dröfn og Víkingaskipið	6	351	6. og 9.-10. bekkur
Bókasöfn	5	464	1.-5., 8.-10. bekkur og nýbúadeild
Skautuferðir	5	1.117	1. og 10. bekkur
Skíðaferðir	4	244	1.-10. bekkur
Heimsóknir á höfnina	3	184	6. bekkur
Aðrir staðir	23	517	1.-10. bekkur

Tafla 3.22

### Framhaldsskólaáfangar á unglíngastigi á vorönn 2000

Skóli	Framhaldsskóli	Áfangi	Fjöldi nemenda
Árbæjarskóli	Fjölbraut við Ármúla	stærðfræði 103	15
Engjaskóli	Borgarholtsskóli	málmsmíði	14
Fellaskóli	Fjölbraut í Breiðholti	enska 101	1
Foldaskóli	Borgarholtsskóli	málmsmíði	5
Hólabrekkuskóli	Fjölbraut í Breiðholti	stærðfræði 101	12
Húsaskóli	Borgarholtsskóli	málmsmíði	5
Rimaskóli	Borgarholtsskóli	málmsmíði	6
Seljaskóli	Fjölbraut í Breiðholti	enska 102, þýska 103, stærðfræði 102	50
<b>Samtals</b>			<b>108</b>



Tafla 3.23

**Framhaldsskólaáfangar á unglingsstigi á haustönn 2000**

Skóli	Framhaldsskóli	Áfangi	Fjöldi nemenda
Álftamýrarskóli	Fjölbraut við Ármúla	efnafræði 101, jarðfræði 103	5
Árbæjarskóli	Fjölbraut við Ármúla	bókfærsla 103, enska 102, franska 103, íslenska 102, stærðfræði 103, tölvur, þýska 103	128
Breiðholtsskóli	Fjölbraut í Breiðholti	stærðfræði 103, þýska 101	30
Fellaskóli	Fjölbraut í Breiðholti	stærðfræði 101	4
Foldaskóli	Fjölbraut við Ármúla	enska 103	12
Hólabrekkuskóli	Fjölbraut í Breiðholti	stærðfræði 101	10
Klébergsskóli	Borgarholtsskóli	málsmíði	1
Rimaskóli	Borgarholtsskóli	málsmíði	8
Seljaskóli	Fjölbraut í Breiðholti	enska 102 stærðfræði 102, þýska 102	34
<b>Samtals</b>			<b>232</b>



Grunnskólanemendur hafa valið áfanga í málsmíði sem valgrein í 10. bekk og sótt námið í Borgarholtsskóla. Námið er einingabært í framhaldsskóla velji nemandi sér málmiðnaðarbraut. Nemendur sóttu einnig bóklegt nám á vegum annarra framhaldsskóla. Sumir grunnskólar hafa farið þá leið að kenna framhaldsskólaáfanga í 10. bekk í eigin skólum og þá samið við framhaldsskóla um að meta námið til eininga. Alls luku grunnskólanemendur í Reykjavík 340 áföngum á framhaldsskólastigi árið 2000, á vorönn og haustönn (tafla 3.22 og 3.23). Flestum áföngum luku nemendur úr Árbæjarskóla.

og vinnuástöðu sem þar er í boði. Þar er góð aðstaða til að klippa kvikmyndir og vinna ljósmyndir í tölvum. Alls heimsóttu 575 nemendur myndverið á árinu og unnu þar verkefni.

### **Nám í samvinnu við framhaldsskóla**

Undanfarin ár hafa verið gerðar tilraunir með að nemendur grunnskólans taki áfanga í framhaldsskólum sem hluta af grunnskólanáminu. Samvinna milli Borgarholtsskóla og grunnskólanna í Grafarvogi í málsmíði hélt áfram.

Tafla 3.24

## Fjölbjódleg verkefni í grunnskólum Reykjavíkur árið 2000

Heiti verkefnis	Fjöldi þátttakenda	Árgangar	Samstarfsland/lönd	Skóli
Comenius	167	4., 6. og 9. bekkur	Grikkland, Ítalía, Spánn og Holland	Austurbæjarskóli
Comenius - Ungt fólk, daglegt líf og umhverfi	100	5.-6. bekkur	Finnland og Austurríki	Seljaskóli
Comenius - Lausn á samskiptamálum	72	4. bekkur	Litháen, Þýskaland og Slóvakía	Foldaskóli
Comenius	72	8. og 9. bekkur	Ítalía, Danmörk og Svíþjóð	Austurbæjarskóli
Comenius	65	7. bekkur	Holland, Danmörk og Finnland	Grandaskóli
Comenius	64	4. bekkur	Holland, Danmörk og Írland	Grandaskóli
Comenius - Mataræði/heilsa	50	1. bekkur	Frakkland og Ítalía	Hólabrekkuskóli
Dönsk nemendaskipti	44	8. bekkur	Danmörk	Álftamýrarskóli
Norræna húsið - Samskipti við jafnaldra á Norðurlöndum	44	9. bekkur	Danmörk	Álftamýrarskóli

## Fjölbjódlegt samstarf

Á árinu 2000 tóku um 680 nemendur þátt í fjölbjódlegu samstarfi ásamt nemendum í tólf öðrum Evrópulöndum (tafla 3.24). Þetta eru langtum fleiri en árið á undan, en þá tóku um 450 nemendur þátt í slíkum verkefnum.

## Erlendir gestir

Nemendur níu skóla fengu rúmlega 300 erlenda gesti á árinu 2000 samkvæmt könnun sem gerð var meðal skólastjóra (tafla 3.25). Þetta er fjölgun um rösklega 100 nemendur frá í fyrra.

## Ferðir nemenda til útlanda

Nemendur sex skóla fóru í heim-sóknir til annarra landa á árinu 2000. Í flestum tilvikum var farið til Danmerkur. Þangað fóru yfir 100 nemendur úr fjórum skólum, Hólabrekkuskóla, Rimaskóla, Vogaskóla og Árbæjarskóla. Nemendurnir voru úr 6. 9. og 10. bekk. Ferðirnar voru frá fjórum dögum og upp í tíu. 32 nemendur úr 10. bekk Háteigsskóla fóru til Noregs í átta daga ferð og 25 nemendur úr 10. bekk Hagaskóla fóru til Finnlands í fimm daga ferð.



Tafla 3.25

## Heimsóknir erlendra nemenda í grunnskóla Reykjavíkur

Skóli	Fjöldi gesta	Fæðingarár	Heimaland	Lengd heimsóknar	Mánuður
Engjaskóli	50	1985-1990	Finnland	5 dagar	maí
Háteigsskóli	44	1986	Noregur	4 dagar	mars
Austurbæjarskóli	38	1985	Finnland	7 dagar	september
Árbæjarskóli	30	1985-1986	Noregur	2 dagar	janúar
Hagaskóli	30	1985	Finnland	7 dagar	maí
Hagaskóli	30	1986	Danmark	4 tímar	október
Vogaskóli	30	1987	Danmörk	7 dagar	maí
Tjarnarskóli	25	1987	Svíþjóð	4 tímar	september
Álftamýrarskóli	20	1986	Danmörk	4 dagar	september
Ölduselsskóli	20	1982-1986	Bandaríkin	9 - 12 dagar	janúar
Álftamýrarskóli	8	1984	Finnland	1 dagur	apríl
<b>Samtals</b>	<b>325</b>				

# Önnur þjónusta í grunnskólum

## Skóladagvist

Allir grunnskólur Reykjavíkur með yngri barna stig, nema Klébergsskóli, bjóða upp á skóladagvist fyrir börn í 1.-4. bekk og aðstoð við heimanám fyrir eldri börn. Í Öskjuhlíðarskóla og Safamýrarskóla er einnig dagvist fyrir börn í eldri árgöngum. Vesturhlíðarskóli og Hlíðaskóli hafa sameinaða skóladagsvist vegna samstarfs skólanna um sameiginlegt nám heyrandi og heyrnarskertra barna. Haustið 2000 voru um 41% allra nemenda í 1.-4. bekk skráð í skóladagvist. Í almennum grunnskólum er skóladagvist mest nýtt í Ártúns-

skóla en þar eru 76% nemenda í þessum yngstu bekkjum í skóladagvist. Hlutfallið er hinsvegar lægst í Engjaskóla 22% (mynd 3.9).

Hlutfall barna sem nýtir þjónustuna er breytilegt eftir hverfum, hæst í Austurbæ, Vesturbæ og Miðbæ og lægst í Grafarvogi. Alls voru 2.519 börn skráð í skóladagvist haustið 2000 en voru 2.878 haustið 1999 (mynd 3.10).

Skýringar á fækkuninni eru: Lengri skóladagur, lengri dagur vegna næðisstundar í hádegi, erfiðleikar með að manna skóladagvistina og nýtt greiðslufyrirkomulag, en tekin var upp sú nýbreytni haustið 2000 að greitt væri fyrir hverja klukkustund í skóladagvist.

Í gildi eru viðmið um starfsemi skóladagvistar í einsetnum almennum grunnskólum. Þau fjalla meðal annars um hlutverk skóladagvistar, starfstíma, innritun nemenda í skóladagvist, mætingaskrá, inntak starfs, starfsmenn, húsnæði, búnað, upplýsingagjöf til foreldra, forsendur fjárframlaga og innheimtu gjalda.

## Nýbreytni í skóladagvist

Haustið 2000 hófst tilraun með breytt form skóladagvistar í fjórum skólum í Breiðholti. Þar sér Íþrótt- og tómsundaráð Reykjavíkur um skóladagvistina. Í þessum skólum var tekin upp heimanámsaðstoð á vegum skólans að loknum skóladegi fyrir nemendur í 2.-4. bekk, þeim að kostnaðarlausu, en nemendum í 1. bekk er boðið upp á nám í tónlistarforskóla og íþróttaskóla. Nemendum í 2.-10. bekk sem þáðu aðstoð við heimanám fjölgaði verulega frá 1999 til 2000, eða úr 348 nemendum haustið 1999 í 718 haustið 2000, vegna þessarar tilraunar.


## Aðstoð við heimanám

Heimanámsaðstoð fyrir 1.-4. bekk var veitt í 29 skólum haustið 2000 og hana þáðu ríflega 2000 nemendur (mynd 3.11). Um 720 nemendur úr 5.-7. bekk í 26 skólum nutu heimanámsaðstoðar. Þjónustan er líka í boði á unglingastigi og um 100 unglingar í sex skólum þáðu aðstoð við heimanám.




Mynd 3.9

### Hlutfall nemenda í skóladagvist í 1.-4. bekk haustið 2000




Mynd 3.10

### Hlutfall nemenda í skóladagvist haustin 1997-2000



Mynd 3.11

### Hlutfall nemenda í aðstoð við heimanám haustin 1997-2000



Tafla 3.26

**Næðisstund haust 2000**

Skóli	Árgangar sem fá næðisstund	Lengd næðisstunda (mínútur)
Austurbæjarskóli	1.-4. bekkur	20
Árbæjarskóli	1.-4. bekkur	20
Breiðagerðisskóli	1.-4. bekkur	30
Breiðholtsskóli	1.-4. bekkur	30
Engjaskóli	1.-4. bekkur	20
Fellaskóli	1.-4. bekkur	30
Grandaskóli	1.-4. bekkur	30
Háteigsskóli	1.-4. bekkur	20
Húsaskóli	1. bekkur	30
Hvassaleitisskóli	1.-4. bekkur	30
Klébergsskóli	1.-6. bekkur	20
Korpuskóli	1.-4. bekkur	20
Langholtsskóli	1.-7. bekkur	20/30
Laugarnesskóli	1.-7. bekkur	20
Melaskóli	1.-4. bekkur	30
Rimaskóli	1.-3. bekkur	30
Seljaskóli	1.-4. bekkur	30
Vesturbæjarskóli	1.-4. bekkur	20/30
Ölduselsskóli	1.-4. bekkur	30

**Hádegisstund**

Næðisstund eða hádegisstund var í öllum einsetnum skólum með yngri barna stig, nema fjórum, haustið 2000 fyrir yngstu árgangana (tafla 3.26). Nemendur eru 20 til 30 mínútur í heimastofu með kennara eða öðrum umsjónarmanni í hádegisstund og borða þar nestið sitt eða mat sem framreiddur er í skólanum. Maturinn er ýmist heitur eða kaldur og færa skólaliðar eða almennir starfsmenn skóla mat í stofur. Sums staðar snæða nemendur heitan mat í matsal. Eftir hádegisstundina fara nemendur í frímínútur í 20 mínútur til hálf tíma og eru þá í umsjón skólaliða eða almennra starfsmanna skóla.

**Tómstundastarf í skólum**

Í skólum borgarinnar voru haldin bekkjarkvöld, árshátíðir, diskótek, jólasamkomur og fleira. Nemendur fóru einnig í ferðalög, gönguferðir og skíðaferðir, svo eitthvað sé nefnt. Nemendum bauðst ennfremur að taka þátt í tómstundastarfi á vegum Íþrótt- og tómstundaráðs Reykjavíkur utan skólatíma í öllum grunnskólum borgarinnar.

**Nýting skólastofa vegna tómstundastarfs**

Skólastjórar 35 skóla svöruðu spurningu um nýtingu skólastofa vegna skólalagvistar og tómstundastarfs eftir skólalok á daginn. Á haustönn 2000 var mest nýting skólastofa á fimmtudögum. Þá voru 186 stofur í samtals 35 skólum nýttar. Nýting skólastofa var minnst á föstudögum. Þá voru 148 skólastofur nýttar í þessum skólum. Á vorönn 2000 var nýting skólastofa mest á þriðjudögum, þá voru nýttar 187 stofur eftir skólatíma í skólunum 35 sem svöruðu. Nýting skólastofa var nokkru minni á vorönn en haustönn. Á vorönn var nýting minnst á föstudögum en þá var 141 kennslustofa nýtt eftir skólatíma.


## Starfsmenn skóla

Við grunnskóla Reykjavíkur störfuðu haustið 2000 um 2.180 starfsmenn, þar af voru 1.375 kennarar, námsráðgjafar eða stjórnendur. Aðrir starfsmenn voru um 800 (mynd 3.12 og tafla 3.28 á næstu síðu).



Mynd 3.12

### Starfsmenn grunnskóla Reykjavíkur



Tafla 3.27

### Yfirlit yfir skólastjórafundi árið 2000

Mánuður	Fundarstaður	Efni
Janúar	Borgarleikhúsið	Upphaf menningarárs -kynning á verkefnum.
Febrúar	Austurbæjarskóli	Sérkennsla - niðurstöður úttekta. Reynsla Selásskóla.
Mars	Salur Fræðslumiðstöðvar	Drög að stefnu í tölvumálum grunnskóla Reykjavíkur. Móðurskóli í tölvukennslu. Þróunarskóli í upplýsingatækni. Málefni líðandi stundar.
Apríl	Rimaskóli	Móðurskóli í nýsköpun, móðurskóli í skólasafnakennslu. Niðurstöður úr könnun á viðhorfum foreldra til skóla barna sinna. Málefni líðandi stundar.
Mái	Salur Fræðslumiðstöðvar	Litið yfir skólaárið 1999-2000.
Júní	Breiðagerðisskóli	Undirbúningur starfsáætlunar 2001.
Ágúst	Ölduselsskóli	Horft um öxl og fram á veginn í upphafi nýs skólaárs.
September	Breiðholtsskóli	Starfsáætlun fræðslumála árið 2001.
Október	Foldaskóli	Fundir fræðslustjóra með skólastjórum, form, markmið og tíðni funda.
Desember	Húsaskóli	Sérkennsla í grunnskólum Reykjavíkur, niðurstöður.

grunnskóla Reykjavíkur karlar og 35% konur en hlutfallið var 59% karlar á móti 41% kvenna á fyrra ári. Hlutfallið í hópi aðstoðarskólastjóra var 69% konur á móti 31% karla en var 71% konur á móti 29% karla á fyrra ári. Sex skólastjórar og einn aðstoðarskólastjóri störfuðu í einkaskólunum fimm.

## Skólastjórar

Skólastjórar í grunnskólum Reykjavíkur voru jafnmargir skólunum eða 37. Aðstoðarskólastjórar voru 42 haustið 2000 vegna þess að í sjö skólum voru tveir aðstoðarskólastjórar. Í einum skóla skiptu tveir með sér einni stöðu aðstoðarskólastjóra en í sex skólum hefur verið ráðinn annar aðstoðarskólastjóri í kjölfar aukningar á stjórnunarkvóta til skóla. Í tveimur skólum var enginn aðstoðarskólastjóri. Haustið 2000 voru 65% skólastjóra

## Aukið fé til stjórnunar

Með meiri dreifstýringu í borgarkerfinu hafa verkefni verið flutt til skóla sem áður voru unnin miðlægt og á árinu 2000 óx fjárhagslegt sjálfstæði grunnskóla Reykjavíkur. Á síðustu árum hafa einnig mörg ný verkefni færst á hendur skólastjóra, m.a. í kjölfar aukinna samskipta við foreldra, lengri skóladags og aukinnar sérkennslu. Til að mæta aukinni ábyrgð og umsvifum í fjármálum og starfsmannahaldi og nýjum verkefnum var á árinu haldið

áfram átaki til að efla stjórnun skólanna. Auk þeirra sjö skóla sem komnir voru með aukið fjármagn til stjórnunar, fengu 10 skólar slíka viðbót haustið 2000 til að stofna nýjar stöður stjórnenda.

## Samráð skólastjóra og Fræðslumiðstöðvar

Reglulegt samstarf er milli fræðslustjóra og skólastjórnenda grunnskóla Reykjavíkur. Fræðslustjóri hélt að jafnaði mánaðarlega fundi á starfstíma skóla með fulltrúa stjórnar Skólastjórafélags Reykjavíkur og fulltrúum skólastjóra úr þjónustuhverfunum fjórum, í svonefndu Samráði. Samráðið var fræðslustjóra til ráðgjafar um ýmsa þætti sem snertu þjónustu Fræðslumiðstöðvar og var fastur vettvangur

- Viðhorfakannanir, birting niðurstaðna
- Starfsmannasamtöl
- Tölvutengingar
- Málefni Skólastjórafélags Reykjavíkur

Guðbjörg Þórisdóttir, skólastjóri Breiðdagerðisskóla, var formaður Skólastjórafélags Reykjavíkur fyrri hluta árs 2000 en Ellert Borgar Þorvaldsson, skólastjóri Ártúnsskóla tók við af henni.

Auk þessa tóku fulltrúar skólastjóra þátt í vinnuhópum á vegum Fræðslumiðstöðvar, má þar nefna vinnuhóp um nýtt reiknilíkan, gerð starfslýsinga og til að vinna reglur um skammtímaleyfi.



Tafla 3.28

### Fjöldi starfsmanna í grunnskólum Reykjavíkur haustið 2000

Starfsmenn	Fjöldi
Kennarar, þ.m.t. stjórnendur, námsráðgjafar o.fl.	1.375
Starfsmenn skóla, skólaliðar, skrifstofufólk, umsjónarmenn, kaffiumsjón	434
Leikskólakennarar	18
Stuðningsfulltrúar	108
Aðrir (skólavinir, atferlisþjálfar, þroskaþjálfar o.fl.)	58
Starfsfólk í ræstingu eingöngu	189
<b>Samtals</b>	<b>2.182</b>

gagnkvæmrar upplýsingamiðlunar og skoðanaskipta. Verkefnisstjóri um stjórnun, síðar skrifstofustjóri fræðslustjóra, vann meðal annars sem sérstakur tengiliður Fræðslumiðstöðvar og skólastjóra. Alls urðu fundir Samráðs 10 á árinu 2000. Þar var, ásamt fleiru, tekið til umfjöllunar:

- Fyrirkomulag skólastjórafundna – skipulag og val efnis
- Samskipti við Fræðslumiðstöð, fyrirspegnir og athugasemdir úr hverfum
- Aðkoma skólastjóra að gerð starfsáætlunar Fræðslumiðstöðvar
- Útfærsla á greiðslum vegna viðbótarfjárveitinga borgarráðs
- Mat á skólastarfi – Skólarýnir
- Endurmenntun skólastjóra, skipulagning námskeiðs
- Námsferðir skólastjóra erlendis – vinnureglur, val viðfangsefnis og staðar

## Fundir fræðslustjóra með skólastjórum í Reykjavík

Haldnir voru 10 fastir fundir fræðslustjóra með skólastjórum í Reykjavík á árinu 2000 (tafla 3.27). Yfirleitt var eitt meginefni á dagskrá en málefni líðandi stundar einnig rædd og fyrirspegnir svarað. Að auki voru haldnir fundir með skólastjórum um sérstök málefni sem upp komu, svo sem niðurstöður um afstöðu foreldra til skóla barna sinna, Skólarýni og fleira mætti nefna. Fræðslustjóri átti á árinu starfsmannasamtöl við alla skólastjóra grunnskóla Reykjavíkur.

## Símenntun skólastjóra Kynnisferð til New Brunswick í Kanada

Árleg námsferð fræðslustjóra og skólastjóra var á þessu ári farin til New Brunswick í Kanada og var þema ferðarinnar kennsla nemenda með sérþarfir, bæði námslegar og félagslegar. Þetta þema varð fyrir valinu þar eð nýlega lauk umfangsmikilli rannsókn á sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur og er ætlunin að byggja endurskoðun á sérþjónustu í skólum borgarinnar m.a. á niðurstöðum þeirrar rannsóknar. New Brunswick í Kanada varð fyrir valinu nú þar eð sögur fara af framsækni þeirra í kennslu nemenda með sérþarfir. Í New Brunswick hafa m.a. verið í gildi



og gegna mikilvægu hlutverki í starfi grunnskóla borgarinnar. Þær auðvelda þeim sem annast yfirstjórn skóla að fylgjast með því sem best gerist meðal annarra þjóða en megintilgangur ferða til annarra landa er að bæta jafnt og þétt námsaðstæður nemenda í grunnskólum Reykjavíkur. Í ferðum eins og þeirri sem hér er sagt frá lærum við af öðrum þjóðum, getum borið störf okkar saman við það sem þar er gert og oft á tíðum samfærst um að við stöndum öðrum þjóðum frammar á ýmsum sviðum skólamála.


### Námskeið

Á árinu 2000 hófst námskeið fyrir skólastjóra undir yfirheitinu *Stjórnun skóla í breyttu umhverfi* og var það ætlað öllum skólastjórum grunnskóla Reykjavíkur og stjórnendum á Fræðslumiðstöð. Á námskeiðinu, sem haldið var í samvinnu við Háskólann í Reykjavík, var m.a. fjallað um stjórnun breytinga, leiðtogahlutverk skólastjórans, menningu fyrirtækja, árangursstjórnun, aðstæðustjórnun, gæðahugsun, sveigjanleika og starfsmannastjórnun, auk fjármálastjórnunar. Námskeiðið er alls 80 stundir og lýkur á vorönn 2001. Námskeiðinu *Bætt stjórnun fyrir aðstoðarskólastjóra* lauk á árinu. Skólastjórnendur í Reykjavík tóku einnig þátt í námskeiðum fyrir stjórnendur á vegum Kjarapróunar-deildar Ráðhússins. Námskeið um innleiðingu á notkun upplýsingatækni í skólastarfi hófst í september og lýkur í maí 2001.

Fræðslumiðstöð stóð fyrir ýmsum styttri námskeiðum og fræðslufundum fyrir stjórnendur skólanna, til dæmis um fjárhagskerfið Agresso, ýmsa þætti vinnuréttar, kjarasamninga og skil á gögnum varðandi ráðningar og laun (tafla 3.32 á bls. 45). Sameiginlegar skólaheimsóknir og kynningar fyrir aðstoðarskólastjóra og kennsluráðgjafa voru teknar upp á árinu.

Mynd 3.13

### Hlutfall karl- og kvenkennara eftir skólagærð



lög frá árinu 1986 sem kveða á um samkennslu allra nemenda í skyldunámsskólum án tillits til sérþarfa á sviði menntunar, þ.e. skóli án aðgreiningar. Ferð til að kynnst því hvernig þeir leysa þessi mál var því afar áhugaverð.

Í ferðina fóru 11 skólastjórar, einn maki skólastjóra, einn fulltrúi úr fræðsluráði, fræðslustjóri og forstöðumaður þjónustusviðs auk fararstjóra, Elíнар G. Ólafsdóttur. Ítarleg skýrsla var gerð um ferðina. Námsferðir skólamanna til annarra landa eru liður í símenntun þeirra

## Kennarar og aðrir starfsmenn

### Skipting starfsmanna

Kennarar eru fjölmennastir í starfsliði grunnskóla Reykjavíkur. Þeir voru haustið 2000 63% af heildarfjölda starfsmanna grunnskóla. Um 81% kennara voru í fullu starfi

og hefur hlutfallið farið hækkandi undanfarin ár (tafla 3.29). Konur voru 79% kennara og karlar voru 21% (mynd 3.13 á fyrri síðu).

Eins og sjá má í töflu 3.29 var meðalaldur kennara í Reykjavík 43,7 ár haustið 2000 og hafði þá lækkað örlítið en hann var 44,2 ár árið 1999.

Tafla 3.29

#### Fjöldi, starfshlutfall og meðalaldur kennara haustið 2000<sup>1)</sup>

	Alls fjöldi	Hlutfall kennara í fullu starfi	Stöðugildi 1999	Stöðugildi 2000	Meðalaldur 1999	Meðalaldur 2000
Austurbæjarskóli	56	90%	51,2	52,9	44,4	43,4
Álftamýrarskóli	33	82%	33,5	29,0	47,3	46,1
Árbæjarskóli	58	93%	56,8	56,8	46,7	45,6
Ártúnsskóli	22	68%	21,4	19,7	39,2	40,7
Borgaskóli	22	82%	14,3	20,7	33,6	35,1
Breiðagerðisskóli	39	92%	34,4	37,6	48,9	48,2
Breiðholtsskóli	49	85%	41,7	45,6	51,3	49,7
Dalbrautarskóli	12	70%	7,8	9,6	47,6	43,4
Einholtsskóli	10	90%	9,5	9,5	39,6	39,8
Engjaskóli	42	86%	41,1	40,2	38,7	38,9
Fellaskóli	50	94%	48,3	48,0	43,0	42,8
Foldaskóli	58	88%	56,8	52,4	43,3	43,8
Fossvogsskóli	31	96%	27	29,5	45,7	47,0
Grandaskóli	39	70%	38,2	35,4	39,9	40,2
Hagaskóli	37	73%	37	31,4	45,3	45,2
Hamraskóli	38	74%	31,8	32,8	42,4	42,0
Háteigsskóli	41	66%	32,2	33,0	44,3	41,2
Hlíðaskóli	54	83%	45,7	47,1	45,4	43,2
Hólabrekkuskóli	42	93%	44,4	40,9	46,0	45,6
Húsaskóli	42	78%	38,3	38,3	38,8	41,0
Hvassaleitisskóli	30	83%	28,7	25,7	48,5	48,5
Klébergsskóli	14	84%	13,3	12,3	43,3	42,9
Korpuskóli	20	62%	13,4	15,0	37,7	37,6
Langholtsskóli	46	82%	40,6	42,2	41,1	41,3
Laugalækjarskóli	15	47%	11,8	11,1	47,8	46,4
Laugarnesskóli	46	87%	44,8	43,3	42,5	41,6
Melaskóli	53	92%	47,4	49,3	45,6	46,0
Réttarholtsskóli	33	77%	24,5	27,4	48,2	44,8
Rimaskóli	57	93%	56,5	55,1	41,1	42,8
Safamýrarskóli	22	95%	19,5	21,5	43,9	43,1
Seláskóli	36	89%	35,6	34,6	42,6	43,0
Seljaskóli	52	90%	47,8	48,4	46,1	45,9
Vesturbæjarskóli	31	65%	26,9	27,0	43,0	39,4
Vesturhlíðarskóli	11	70%	11,1	10,5	45,2	41,1
Vogaskóli	38	66%	35,3	33,3	44,3	43,3
Ölduselsskóli	57	79%	43,6	52,2	45,6	43,7
Öskjuhlíðarskóli	39	95%	36,7	37,9	49,9	48,9
<b>Alls</b>	<b>1.375</b>	<b>81%</b>	<b>1248,9</b>	<b>1257,1</b>	<b>44,2<sup>2)</sup></b>	<b>43,7<sup>2)</sup></b>

1) Stundakennarar eru meðtaldir en ekki kennarar í launalausum leyfi.

2) Vegið meðaltal.





Meðalaldur starfsfólks á almennum vinnumarkaði var 39,2 ár haustið 2000.


Haustið 2000 var fjöldi nemenda á stöðugildi kennara 11,6 nemendur í öllum grunnskólum Reykjavíkur en 12,3 í almennum skólum. Fjöldi nemenda á stöðugildi annarra starfsmanna var 29,5 í öllum grunnskólum en 31,4 í almennum skólum.

Í 13 skólum starfa nú skólaliðar í svonefndu skólaliðafyrirkomulagi sem felst í því að starfsmenn skólanna sjá einnig um ræstingu og sinna henni meðfram öðrum störfum yfir daginn, en í öðrum skólum eru starfsmenn skóla og ræstingafólk.



Mynd 3.14

Framboð og þátttaka í námskeiðum fyrir kennara á vegum Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur



## Símenntun starfsfólks grunnskóla

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur sá um margþætta símenntun fyrir starfsfólk grunnskóla Reykjavíkur á árinu 2000 eins og fyrri ár. Samkvæmt lögum er það hlutverk ríkisins að sjá alfarið um menntun kennara, þar með talda símenntun, en grunnskólakennarar í Reykjavík áttu þess einnig kost að sækja símenntunarnámskeið á vegum Fræðslumiðstöðvar. Helsta nýmæli í símenntun á árinu var stórt námskeið fyrir skólástjóra í samvinnu við Háskólann í Reykjavík (sjá hér að framan). Haldin voru 55 nám-

skeið fyrir kennara og aðra starfsmenn grunnskóla Reykjavíkur á vegum Fræðslumiðstöðvar á árinu 2000 og tóku 746 starfsmenn þátt í þeim. Af þessum námskeiðum voru 49 ætluð kennurum og stjórnendum og þátttakendur í þeim voru 656 (tafla 3.30). Haldnir voru 103 fræðslufundir fyrir starfsmenn grunnskólanna á árinu (tafla 3.32).

## Nám fyrir stuðningsfulltrúa og skólaliða

Fræðslumiðstöð stóð á árinu fyrir námi fyrir skólaliða og stuðningsfulltrúa í samvinnu við Borgarholts-skóla eins og fyrra ár. Námið gefur 13 einingar á framhaldsskólastigi. 12 stuðningsfulltrúar úr grunnskólum Reykjavíkur hófu 13 eininga námið í apríl og luku því í desember. Leitast er við að skipuleggja námið þannig að það fari að mestu fram á þeim tíma sem nemendur grunnskólans eru ekki

Tafla 3.31

Innritaðir stuðningsfulltrúar í Borgarholts-skóla í ágúst 2000

Skóli	Stuðningsfulltrúar
Árbæjarskóli	1
Borgaskóli	2
Fellaskóli	1
Foldaskóli	1
Hamraskóli	1
Hlíðaskóli	2
Korpuskóli	2
Öskjuhlíðarskóli	2
<b>Samtals</b>	<b>12</b>

í skólanum. Stuðningsfulltrúar úr öðrum sveitarfélögum sækja einnig þetta nám. Auglýst var ellefu eininga nám fyrir skólaliða en vegna lítillar eftirspurnar varð að fella það niður (tafla 3.31).

## Menntun er skemmtun

Menntamálaráðuneytið stóð að *Víku símenntunar* í samstarfi við MENNT, vikuna 4.-10. september. Markhópurinn var í þetta skiptið fólk með litla menntun og var hugað að tækifærum þessa hóps til að þróa sig í starfi. Borgarstofnanir tóku þátt í vikunni á ýmsan hátt. Fræðslumiðstöð var með í sýningunni *Menntun*

er skemmtun og kynnti námsframboð fyrir starfsmenn sína. Einkum var áhersla lögð á kynningu á námi fyrir stuðningsfulltrúa og skólaliða í Borgarholtsskóla (tafla 3.31) og á tölvunámskeið fyrir aldraða þar sem grunnskólanemendur kenna eldri borgurum á tölvur. Sýningin var haldin í Kringlunni 9. og 10. sept.

## Kynning á móðurskólum

Í Reykjavík störfuðu átta móðurskólar á árinu, en hlutverk þeirra er að vera frumkvöðlar á sínu sviði í uppbyggingu náms og gegna ráðgjafarhlutverki gagnvart öðrum skólum með fræðslufundum og

námskeiðum. Móðurskólar kynntu þróunarverkefni sín meðal annars með því að heimsækja kennara-fundi í öðrum skólum og bjóða kennurum til sín.

Í símenntunarvikunni höfðu þrír móðurskólar opið hús eftir hádegi föstudaginn 8. september og kynntu verkefni sín fyrir kennurum úr öðrum skólum og öðrum gestum. Eftirtaldir móðurskólar kynntu starfsemi sína: Foldaskóli móðurskóli í nýsköpun, Grandaskóli móðurskóli í upplýsingatækni og Seláskóli móðurskóli í útikennslu, umhverfisfræðslu og í safnakennslu.

Tafla 3.30

### Námskeið fyrir starfsfólk grunnskóla Reykjavíkur á vegum Fræðslumiðstöðvar árið 2000

Heiti/inntak	Fjöldi námskeiða	Þar af haldin í skóla	Stundafjöldi alls	Fjöldi sem lauk námskeiði	Markhópur
Agi og bekkjarstjórnun	4	4	160	108	
Breytt stjórnun	1			50	Skólastjórar og stjórnendur á Fræðslumiðstöð
Eðlis- og stjórnufræði fyrir 1.-7. bekk	1		40	11	Umsjónarkennarar og náttúrufræðikennarar
Fyrstu skrefin á netinu	3		36	36	Skólaritarar
Gerð einstaklingsnámskráa	1		20	11	Sérkennarar og fleiri
Kennsla byggð á fjölgreindarkenningum	1		40	32	Kennarar
Kennsla einhverfra	1		20	12	Allir sem vinna með einhverfum nemendum
Kennsla í grunnskóla	1		20	15	Nýir kennarar
Kennsluaðferðir í Morningsideskólanum	1	1	20	7	
Kennslufræði erlendra mála	1		30	12	Tungumálakennarar
Leiðbeinendur í grunnskóla	1		40	21	Leiðbeinendur við kennslu
Lífsleikniáætlanir skóla	1		35	25	Kennarar
Mat á kennslu	1		40	9	Kennarar
Náttúrufræði	2		80	11	Kennarar í móðurskólum
Netstjórnun	3		100	7	Tölvuumsjónarmenn
Skjalastjórnun I, þjónusta, samskipti, frágangur launagagna	1		20	22	Skólaritarar
Skyndihjálp	1		20	16	Allir starfsmenn skóla
Skyndihjálp	2	2	20	48	
Starfsnám fyrir stuðningsfulltrúa	1		182	12	Stuðningsfulltrúar
Táknmál	5	5	100	15	
TEACCH, skipulögð kennsla og vinnubrögð	1	1	20	23	
Tölvunotkun/upplýsingatækni	10	10	220	165	
Upplýsingatækni í skólastarfi	1		20	40	Aðstoðarskólastjórar og kennsluráðgjafar
Vefsíðugerð fyrir kennara	5		100	26	Kennarar
Word, Excel og Power Point	5		100	12	Kennarar
<b>Samtals:</b>	<b>55</b>	<b>23</b>	<b>1.483</b>	<b>746</b>	

## Fræðslufundir fyrir starfsfólk grunnskóla Reykjavíkur árið 2000

Markhópur	Fjöldi funda	Fjöldi þátttakenda	Fundarefni meðal annars
Skólastjórnendur og starfsmenn á skrifstofum skólanna	11	76	Kynning á bókhaldskerfinu AGRESSO. Frágangur launagagna.
Skólastjórar	1	8	Samskipti við foreldra.
Aðstoðarskólastjórar og deildarstjórar	1	42	Fjármála og starfsmannastjórnun. Breytt stjórnun í grunnskólum.
Aðstoðarskólastjórar	5	121	Kynning á starfi ýmissa skóla, skólaskoðun.
Stjórnendur, námsráðgjafar og sérkennarar	6	164	Upplýsingalög, stjórnsýslulög og barnalög. Starfsmannasamtöl.
Námsráðgjafar og sálfræðingar	5	102	Einelti. Innritun í framhaldsskóla. Hlutverk námsráðgjafa í grunnskólum. Gerð kannana og gildi þeirra. Áföll, sorg barna og uppbygging áfallaráða.
Umsjónarmenn skóladagvista	2	28	Vetrestarfið. Áherslur og inntak í starfi, samvinna, vinnubrögð og leiðir.
Starfsmenn í unglingadeildum	2	16	Samskipti við unglunga og jákvæð agastjórnun.
Starfsmannahópar í skólum	8	115	Samskipti.
Starfsfólk í mótuneytum og heimilisfræðikennarar	5	61	Matvælaeftirlit og hollustuhættir við framleiðslu og dreifingu matvæla.
Tölvuumsjónarmenn	5	116	Íslenska menntanetið. BETT ráðstefnan. Endurnýjun tölvubúnaðar.
Kennarar sem kenna nýbúum	6	96	Þörf og þjónustustig nýbúadeilda. Hlutverk Fræðslumiðstöðvar og samskipti. Mirad-drengur frá Bosnía. Hvernig á að kenna nýbúa inni í bekk? Reglur um starfsemi nýbúadeilda. Námsefni í nýbúafræðslu.
Kennarar sem kenna norsku og sænsku	10	65	Endurmenntunarnámskeið í Svíþjóð. Samræmd próf í Svíþjóð. Nýtt námsefni. Hlustunar- og myndbandsefni. Notkun internets í tungumálakennslu. Undirbúningur fyrir vorpróf.
Verk- og listgreinakennarar	5	48	Barnaóperan Stúlkan í vitanum. Danskennsla í grunnskólum. Skapandi hugsun.
Sérkennarar, talkennarar og fleiri	11	208	Kennsla í sérdeildum í grunnskólum í Reykjavík. Forritið Sérkennarinn. Hljóðskraf, nýtt námsefni. Gerð einstaklingsnámskráa. Námsmat í sérkennslu. Kynning á sérkennsluúttekt. Tölvumiðstöð fatlaðra. Einelti og fleira.
Kennarar sem kenna stærðfræði og náttúruvísindi í efri bekkjum grunnskóla	6	200	Vísindavefurinn, notkunarmöguleikar fyrir kennara. Námsfenisflokkurinn Almenn náttúruvísindi kynnt. Hlutverk og verkefni móðurskóla rædd og kynnt. Samstarfsverkefni heimila og skóla í náttúrufræði. Námsmat í stærðfræði. Hvernig hugsa nemendur okkar?
Kennarar yngri barna	5	126	Eining, nýtt námsefni. Kennsluforrit. Grunnur að farsælu stærðfræðinámi. Rannsóknarverkefni í stærðfræði. Námsmat í stærðfræði, danskt námsmatsefni.
Ýmsir hópar kennara	9	144	Ný aðalnámskrá. Stóra upplestrarkeppnin. Áhrif fjölgunar samræmdra prófa á inntak skólastarfs. Upplýsingatækni og áhrif hennar. Kynning á nýjum kennsluforritum. SOKRATES menntaáætlunin. Kynning á dönskum gestakennara. Víkingar og landafundir. 1000 ára afmæli kristnitöku.
<b>Samtals</b>	<b>103</b>	<b>1.736</b>	

## Styrkir til framhaldsnáms kennara og skólastjórnenda

Árlega eru kennurum og skólastjórnendum í framhaldsnámi á háskólastigi veittir námsstyrkir, en þeim var í fyrsta sinn úthlutað árið 1997.

Árið 2000 bárust alls 18 umsóknir um styrki til framhaldsnáms og var 11 starfandi kennurum og skólastjórnendum veittur námsstyrkur, en sjö umsækjenda uppfylltu ekki úthlutunarskilyrði. Sex fengu fullan styrk 220.000 kr. og fimm fengu hálfan styrk (tafla 3.33 á næstu opnu). Við ákvörðun um styrkúthlutun var unnið út frá eftirfarandi forsendum:

- Að umsækjandi ynni við grunnskóla Reykjavíkur
- Að umsækjandi væri að ljúka framhaldsnámi
- Að umsækjandi hefði ekki hlotið styrk/kennsluafslátt frá Reykjavíkurborg áður í viðkomandi námi.

Menntamálaráðuneytið veitir styrki til kennaranámskeiða.

Tafla 3.33

### Styrkir vegna framhaldsnáms kennara og skólastjórnenda í Reykjavík árið 2000

Skóli	Styrkþegar	Upphæð
Vogaskóli	4	660.000
Háteigsskóli	1	220.000
Foldaskóli	2	440.000
Borgaskóli	1	220.000
Ölduselsskóli	1	110.000
Hlíðaskóli	1	110.000
Hamraskóli	1	110.000
<b>Samtals</b>	<b>11</b>	<b>1.870.000</b>

## Ferðasjóður kennara

Hlutverk Ferðasjóðs Grunnskóla Reykjavíkur er að styrkja námsferðir kennara. Sjóðurinn styrkir eingöngu ferðir einstaklinga sem starfa við grunnskóla borgarinnar, en ekki kennarahópa. Á árinu bárust 97 umsóknir að upphæð kr. 7.094.823 og var 39 kennurum veittur styrkur, samtals að upphæð kr. 1.394.000 (tafla 3.34).

Tafla 3.34

### Styrkir úr ferðasjóði grunnskólakennara árið 2000

Skóli	Styrkþegar	Upphæð
Engjaskóli	1	35.000
Fellaskóli	2	70.000
Foldaskóli	5	250.000
Fossvogsskóli	3	105.000
Grandaskóli	1	35.000
Hagaskóli	6	180.000
Hamraskóli	5	175.000
Háteigsskóli	1	26.000
Hlíðaskóli	1	35.000
Hólabrekkuskóli	3	89.000
Húsaskóli	2	70.000
Hvassaleitisskóli	1	55.000
Langholtsskóli	1	19.000
Réttarholtsskóli	1	35.000
Safamýrarskóli	1	35.000
Seláskóli	1	35.000
Seljaskóli	1	35.000
Vogaskóli	2	60.000
Ölduselsskóli	1	50.000
<b>Samtals</b>	<b>39</b>	<b>1.394.000</b>



## Erlend samskipti

Liður í símenntun kennara er að fara utan og heimsækja skóla í öðrum löndum til að læra af þeim og flytja heim nýjar hugmyndir og reynslu úr skólastarfi. Það færast í vöxt að kennarahópar úr einstökum skólum fari í slíkar ferðir. Kennarar úr 14 skólum fóru í hópferðir til að kynna sér skólastarf erlendis og fóru flestir til Bandaríkjanna eða um 70 kennarar, um 40 kennarar heimsóttu Kanada, Danmörku og Þýskaland (tafla 3.35). Erlendir gestir sækja einnig reykviska skóla heim. Á árinu fengu 24 skólar heimsóknir frá ýmsum löndum, en einkum þó Norðurlöndunum, og voru gestirnir um 400 talsins (tafla 3.36).

Skólaárið 1999-2000 starfaði danskur gestakennari við grunnskóla Reykjavíkur fjórða skólaárið í röð. Á haustönn 2000 hóf fimmti danski kennarinn störf. Þetta er framlag Dana til að efla dönskukennslu á Íslandi. Danska ríkið greiðir laun sendikennara en Reykjavíkurborg sér þeim fyrir húsnæði. Gestakennari heimsækir skóla og dvelur þar um tíma, leiðbeinir kennurum og kennir nemendum.

Tafla 3.35

## Hópfærðir kennara og starfsmanna til útlanda árið 2000

Skóli	Áfangastaður	Fjöldi þátttakenda	Dagafjöldi
Álftamýrarskóli	Bandaríkin, Washington	30	7
Engjaskóli	Ítalía, Bologna	21	10
Foldaskóli	Bretland, London	2	7
Foldaskóli	Danmörk, Kaupmannahöfn	2	11
Grandaskóli	Kanada, Prince Edward Island	34	7
Hagaskóli	Danmörk, Kaupmannahöfn	5	7
Hvassaleitisskóli	Bandaríkin, Boston	26	7
Korpuskóli	Bandaríkin, Boston	11	7
Langholtsskóli	Svíþjóð/Danmörk, Lundur/Óðinsvé	32	7
Réttarholtsskóli	Ítalía, Bologna	12	7
Safamýrarskóli	Spánn, San Sebastian	21	10
Selásskóli	Spánn, Vallodolid	3	5
Selásskóli	Bretland, Norwich	2	7
Vesturbæjarskóli	Holland, Amsterdam	12	7
Ölduselsskóli	Ísrael/Jórdanía, Jerúsalem/ Amman	23	10
Öskjuhlíðarskóli	Þýskaland, Berlín	41	8
<b>Samtals</b>		<b>277</b>	



Tafla 3.36

## Heimsóknir erlendra gesta í grunnskóla Reykjavíkur

Skóli	Fjöldi gesta	Heimland gesta	Markmið heimsóknar
Austurbæjarskóli	28	Noregur og Svíþjóð	Kynnast íslenskum skóla.
Álftamýrarskóli	29	Danmörk, Svíþjóð og Bandaríkin	Skoða íslenska grunnskóla.
Árbæjarskóli	9	Noregur og Færeyjar	Kynning á skólastarfi, upplýsingatækni.
Ártúnsskóli	6	Austurríki og Bretland	Kynning á skólastarfi.
Breiðagerðisskóli	1	Danmörk	Glæða áhuga nemenda á tungumálum og kynna kennsluhætti.
Engjaskóli	30	Svíþjóð, Bandaríkin	Skólaheimsókn.
Fellaskóli	1	Danmörk	Gestakennari í dönsku.
Foldaskóli	25	Frakkland, Kanada, Ítalía, Finnland, Svíþjóð og Danmörk	Nýsköpun. Uppbygging námskeiða fyrir kennara Diane Gosson. Skólaskoðun. Kennsluskipti.
Grandaskóli	56	Svíþjóð, Finnland, Noregur, Danmörk, Holland, Írland, Kanada og Bretland	Kynning á námi í upplýsingatækni, skoða íslenska skóla, vegna Comeniusarverkefnis, skiptikennarar.
Hagaskóli	30	Svíþjóð	Kynning á skólanum.
Hlíðaskóli	4	Danmörk og England	Kennaranám.
Hólabrekkuskóli	20	Spánn, Ítalía, Finnland og Bretland	Kennsla blindra í almennum bekk.
Ísaksskóli	16	Finnland og Bandaríkin	Kennsla yngri barna, stjórnunarhættir kvenna.
Laugarlækjarskóli	3	Noregur	Afhending verðlauna fyrir frammistöðu í norsku.
Laugarnesskóli	11	Noregur og Finnland	Skólakynning.
Réttarholtsskóli	32	Danmörk, Noregur og Ítalía	Efla samskipti.
Rimaskóli	12	Noregur og Svíþjóð	Kynning á skólastarfi.
Safamýrarskóli	11	Noregur	Kynning á skólastarfi. Verknám.
Selásskóli	35	Noregur, Svíþjóð og Bretland	Skólasafn, náttúrufræði og sérkennsla.
Tjarnarskóli	2	Frakkland og Svíþjóð	Kynning og skólaskoðun.
Vesturbæjarskóli	10	Noregur, Svíþjóð og Lettland	Kynning á skólastarfi og námsmati í skólanum.
Vogaskóli	2	Danmörk	Eftirfylgd nemenda.
Ölduselsskóli	7	Noregur	Kynning á skólastarfi.
Öskjuhlíðarskóli	11	Noregur og Bandaríkin	Kynning á skólanum. Eftirfylgd nemenda.

## Húsnæði og búnaður

### Húsnæði grunnskóla Reykjavíkur

Haustið 2000 var heildarflatarmál skólahúsnæðis almennra grunnskóla Reykjavíkur 152.844 m<sup>2</sup> og hafði aukist um 3.300 m<sup>2</sup> frá fyrra ári (tafla 3.37).

### Nýbyggingar og breytingar á húsnæði grunnskóla Reykjavíkur

#### Austurbæjarskóli

Byggt var færanlegt húsnæði ofan á rafstöð við hlið skólans. Í húsinu eru fjórar almennar kennslustofur með tengigangi við skólann.

#### Álftamýrarskóli

Tekinn í notkun 177 m<sup>2</sup> hluti viðbyggingar sem hýsir skólasafn og tölvustofu. Unnið að hönnun á um 502 m<sup>2</sup> viðbyggingu austan við skólann.

#### Árbæjarskóli

Unnið að hönnun um 1.740 m<sup>2</sup> viðbyggingar og byggingaframskiptir hafnar. Lokið var við stækkun 1. áfanga skólans, 532 m<sup>2</sup>.

#### Borgaskóli

Tekinn í notkun hluti nýbyggingar, 2.098 m<sup>2</sup> og unnið áfram að uppsteypu og innréttingu síðari áfanga. Heildarstærð skólans verður 4.200 m<sup>2</sup>.

#### Breiðholtsskóli

Mötuneyti nemenda hannað og boðið út.

#### Fellaskóli

Hluti Fellahellis tekinn í notkun sem kennsluhúsnæði. Mötuneyti í smíðum.

#### Foldaskóli

Unnið að hönnun viðbyggingar sem verður 1.497 m<sup>2</sup> ásamt endurskipulagningu eldra húss.

#### Fossvogsskóli

Unnið að endurskipulagningu á eldra húsnæði.

#### Hólabrekkuskóli

Unnið að hönnun 1.299 m<sup>2</sup> viðbótarhúsnæðis og endurbótum á eldra húsi.

#### Hvassaleitisskóli

Tekið í notkun 969 m<sup>2</sup> viðbótarhúsnæði með almennum stofum, list- og verkgreinastofum ásamt mötuneyti nemenda.

#### Klébergsskóli

Tekin var fyrsta skóflustunga að viðbyggingu 5. september, en hún verður 1.489 m<sup>2</sup> og eru framkvæmdir hafnar.



#### Korpuskóli

Tekið í notkun viðbótarhúsnæði, 587 m<sup>2</sup> að stærð sem hýsir almenna kennslu og list- og verkgreinakennslu.

#### Melaskóli

Lokið hluta endurbóta innanhúss í eldri hluta skólans þar sem er nú mötuneyti nemenda.

#### Selásskóli

Unnið að hönnun viðbótarhúsnæðis sem mun verða 1.519 m<sup>2</sup> ásamt endurskipulagningu eldra húss.

## Víkurskóli

Tekin skóflustunga að nýbyggingu í apríl, en skólinn verður 4.200 m<sup>2</sup>. Framkvæmdir við bygginguna hófust á árinu.

## Færanlegar kennslustofur

Færanlegar kennslustofur við grunnskóla Reykjavíkur eru 93. Engar stofur voru byggðar á árinu en sex voru fluttar milli skóla.

Settar voru upp stofur

við eftirtalda skóla:

Breiðagerðisskóla 1 stofa

Klébergsskóla 1 stofa

Rimaskóla 2 stofur

Ölduselsskóla 2 stofur



## Skólalóðir

Unnið að endurhönnun á hluta lóða við Réttarholtsskóla og Breiðholtsskóla.

Tafla 3.37

## Húsnæði almennra grunnskóla í Reykjavík haustið 2000

	Fjöldi bekkjardeilda 2000	Fjöldi almennra kennslustofa	Fjöldi sérgreinasstofa	Stofur alls	Þar af fjöldi færanlegra stofa	Stærð varanlegs húsnæðis í fermetrum	Einsetnir skólar
Austurbæjarskóli	27	23	7	30	0	5.635	x
Álftamýrarskóli	20	14	9	23	0	4.808 <sup>1</sup>	
Árbæjarskóli	35	31	12	43	8	7.456	x
Ártúnsskóli	12	9	5	14	4	2.198	
Borgaskóli	14	17	6	23	11	2.098	x
Breiðagerðisskóli	20	16	7	23	5	3.925 <sup>2</sup>	x
Breiðholtsskóli	26	26	11	37	5	6.931	x
Engjaskóli	26	24	9	33	5	4.967	x
Fellaskóli	28	26	12	38	1	8.604	x
Foldaskóli	30	26	12	38	3	6.388	
Fossvogsskóli	15	16	8	24	0	3.963	x
Grandaskóli	20	20	5	25	0	4.208	x
Hagaskóli	19	25	11	36	0	6.278	x
Hamraskóli	20	20	8	28	2	4.014	x
Háteigsskóli	20	20	10	30	0	4.199	x
Hlíðaskóli	25	18	8	26	4	6.448 <sup>3</sup>	
Hólabrekkuskóli	28	21	10	31	2	5.478	
Húsaskóli	26	26	8	34	5	4.592	x
Hvassaleitisskóli	19	18	7	25	0	4.274	x
Klébergsskóli	10	11	2	13	3	1.115 <sup>4</sup>	x
Korpuskóli	11	16	2	18	0	1.537	x
Langholtsskóli	25	23	12	35	0	6.417	x
Laugalækjarskóli	7	6	5	11	0	2.407 <sup>5</sup>	x
Laugarnesskóli	26	25	8	33	7	3.735	x
Melaskóli	28	28	13	41	0	5.662 <sup>6</sup>	x
Réttarholtsskóli	12	13	8	21	0	5.205 <sup>7</sup>	x
Rimaskóli	35	31	8	39	7	7.645	x
Seláskóli	19	15	8	23	9	3.596	
Seljaskóli	30	32	11	43	3	6.526	x
Vesturbæjarskóli	16	16	7	23	0	3.976 <sup>8</sup>	x
Vogaskóli	20	14	5	19	5	2.715	x
Ölduselsskóli	29	25	8	33	4	5.844	x
<b>Samtals</b>	<b>698</b>	<b>651</b>	<b>262</b>	<b>913</b>	<b>93</b>	<b>152.844</b>	<b>26</b>

1) Leiguhúsnæði fyrir heilsdagsskóla ekki meðtalið, 130m<sup>2</sup>.

2) Mosgerði 14A er talið með.

3) Skóladagvist v/Vesturhlíðarskóla er talin með.

4) Sundlaug og íþróttahús ekki inni í tölu.

5) Kjallari í KHÍ, leikskólaskor, er talinn með.

6) Sérdeild Hagamel 19 er talin með.

7) Bjarkarhlíð er talin með.

8) Vesturvallagata 10 og 12 taldar með.

## Endurnýjun og viðhald á skólahúsnæði

### Viðhald samkvæmt verkáætlun

Byggingadeild borgarverkfræðings sér um viðhald skólahúsnæðis samkvæmt verkáætlun í samvinnu við Fræðslumiðstöð.

### Austurbæjarskóli

Almenn viðhaldsþjónusta.

### Laugarnesskóli

Endurnýjaður dúkur á hátíðarsal og salurinn málaður. Lakkað gólf í íþróttasal og vaskaskápar settir í þrjár kennslustofur.

### Melaskóli

Almenn viðhaldsþjónusta.

### Langholtsskóli

Endurnýjaðar raflagnir í 2. verkáfangi. Íþróttagólf lakkað.

### Hlíðaskóli

Skipt um þrjár innihurðir og almenn viðhaldsþjónusta.

### Breiðagerðisskóli

Brunaviðvörðunarkerfi sett upp í Háagerði.

### Árbæjarskóli

Endurnýjað þak yfir sundlaug og íþróttagólf lakkað. Miklar viðgerðir voru á íþróttahúsinu vegna bruna. Loftræstikerfi endurnýjað.

### Vogaskóli

Gólf í sal lakkað og hann málaður.

### Vesturbæjarskóli

Almenn viðhaldsþjónusta.

### Álftamýrarskóli

Almenn viðhaldsþjónusta.

### Hvassaleitisskóli

Unnið að 1. áfanga í útveggjaklæðningu.

### Breiðholtsskóli

Gert við þakpappa á íþróttahúsi.

### Fossvogsskóli

Almenn viðhaldsþjónusta.

### Fellaskóli

Unnið að utanhússklæðningu á hluta af barnaálmum. Þak á unglungaálmum málað og gólf í íþróttasal lakkað. Myndavélaeftirlitskerfi sett upp utanhúss.

### Hólabrekkuskóli

Loft í rými við sal endurnýjað. Hleðsluveggur endurnýjaður á lóð. Loftræstikerfi endurnýjað.

### Ölduselsskóli

Endurnýjuð útilhurð í 1. áfanga. Teppi í samkomusal endurnýjað. Fjarstýrðar gardínur settar fyrir þakglugga við tölvuver. Þak á tengigangi endurnýjað. Haldið áfram að skipta út loftplötum.

### Seljaskóli

Endurnýjuð þök á húsum 5 og 6. Sett loftlýsing í sjö stofur.

### Hagaskóli

Raflagnir endurnýjaðar. Átta kennslustofur voru málaðar.

### Réttarholtsskóli

Raflagnir endurnýjaðar í 3. verkáfangi. 1. hæð unglungaálmum endurnýjuð. Raflæsingar settar á gangahurðir að kröfu Eldvarnareftirlitsins. Lyfta sett í stiga og lyfta úr kjallara og milli hæða.

### Laugalækjarskóli

Almenn viðhaldsþjónusta.

### Foldaskóli

Parkettgólf í Fjörgyn lakkað og útiljós endurnýjuð.

### Grandaskóli

Frágangur vegna nýbyggingar.

### Selásskóli

Loftræstikerfi endurnýjað. Unnið að lagfæringum og endurbyggingum vegna bruna í smíðastofu.

### Ártúnsskóli

Almenn viðhaldsþjónusta.

### Hamraskóli

Almenn viðhaldsþjónusta.





### Húsaskóli

Almenn viðhaldsþjónusta.

### Rimaskóli

Almenn viðhaldsþjónusta.

### Engjaskóli

Almenn viðhaldsþjónusta.

### Háteigsskóli

Loft í kennslustofum endurnýjað.

Stofur og gangar málaðir.

Töflulýsing í stofum endurnýjuð.

### Borgaskóli

Almenn viðhaldsþjónusta.

Færanlegar stofur málaðar að utan.

### Öskjuhlíðarskóli

Gólfdukur settur í stað teppa á gólfm.

Loftræstikerfi endurnýjað.

### Safamýrarskóli

Ljós í sundlaugarsal endurnýjuð.

### Dalbrautarskóli

Húsnaði skólans teiknað upp, staðreyndateikningar unnar og þær lagðar fyrir heilbrigðis- og trygginganefnd sem samþykkti tímbundna notkun húsnaðisins. Opnaðar flóttaleiðir úr stofum.

### Einholtsskóli

Almenn viðhaldsþjónusta.

### Vesturhlíðarskóli

Gólfdukur settur á gólf í stað teppa.

Allt tréverk úti málað sem og stofur og gangur.

### Klébergsskóli

Almenn viðhaldsþjónusta.

Tafla 3.38

### Einsetning grunnskóla Reykjavíkur samkvæmt endurskoðaðri fimm ára áætlun frá 1998

Skóli	2001	2002
Álftamýrarskóli	x	
Ártúnsskóli		x
Foldaskóli		x
Hlíðaskóli		x
Hólabrekkuskóli		x
Seláskóli		x

### Tilfallandi viðhald

Fræðslumiðstöð sér um tilfallandi viðhald skólabygginga (tafla 3.39). Veruleg aukning varð í bráðaviðhaldi vegna rúðubrota á árinu 2000 frá árinu á undan.

Viðhaldsbeiðnum vegna rúðubrota fjölgaði úr 409 í 521. Bráðaviðhald í trésmíðum jókst einnig.

Húsnaði tveggja skóla skemmdist í eldsvoða. Annar bruninn varð í íþróttahúsi Árbæjarskóla í september, þegar iðnaðarmenn misstu eld í þakið sem verið var að gera við. Miklar skemmdir urðu. Mikið tjón varð einnig á smíðastofu Seláskóla í janúar þegar kveikt var í skólanum.

Haustið 2000 hófst tilraun með að flytja fé til tilfallandi viðhalds frá Fræðslumiðstöð til skóla og taka sex skólar þátt í tilrauninni.



Tafla 3.39

### Fjöldi beiðna vegna tilfallandi viðhalds 1998-2000

Viðgerðaflokkur	1998	1999	2000
Trésmíði	475	320	415
Rúðubrot	490	409	521
Rafmagn	249	218	221
Pípulagnir	178	182	169
Málun	8	20	33
Dúkar	25	21	13
Annað	45	107	23
<b>Samtals</b>	<b>1.470</b>	<b>1.277</b>	<b>1.395</b>

## Uppbygging tölvukosts

Tölvueign grunnskóla Reykjavíkur var um 1630 tölvur haustið 2000 (tafla 3.40). Á árinu var haldið áfram markvissri uppbyggingu tölvukosts skólanna með kaupum á 350 tölvum. Fjöldi nemenda á tölvu fór úr tæplega 13 nemendum um hverja tölvu á árinu 1999 í 12,3 nemendur

á tölvu að meðaltali haustið 2000. Fjöldi kennara um hverja kennara-tölvu var 4,5 árið 1999 en haustið 2000 voru þrír kennarar um hverja tölvu. Þrír af hverjum fjórum kennurum voru þá með virkt netfang hjá Íslenska menntanetinu. Um 200 tölvur af gerðinni 486 voru afskrifaðar á árinu.

Tafla 3.40

### Yfirlit yfir fjölda tölva í almennum grunnskólum í desember 2000<sup>1)</sup>

Skóli	Heildarfjöldi tölva 2000	Alls nemendatölvur 2000	Fjöldi nemenda haustið 2000	Fjöldi nemenda á hverja tölvu 1997	Fjöldi nemenda á hverja tölvu 1998	Fjöldi nemenda á hverja tölvu 1999	Fjöldi nemenda á hverja tölvu 2000	Alls tölvur fyrir starfsfólk 1999	Alls tölvur fyrir starfsfólk 2000
Austurbæjarskóli	45	24	558	24,4	11,9	14,2	23,3	9	21
Álftamýrarskóli	75	60	362	16,4	14,3	13,7	6,0	8	15
Árbæjarskóli	86	63	824	32,1	16,0	17,3	13,1	19	23
Ártúnsskóli	30	22	210	11,2	5,3	6,5	9,5	12	8
Borgaskóli	48	43	260		19,8	20,7	6,0	5	5
Breiðagerðisskóli	34	22	392	19,5	24,2	11,6	17,8	5	12
Breiðholtsskóli	55	34	556	23,6	13,9	14,9	16,4	8	21
Engjaskóli	55	38	476	9,6	12,0	10,0	12,5	7	17
Fellaskóli	69	54	552	15,1	11,8	19,7	10,2	9	15
Foldaskóli	64	45	700	38,7	18,2	14,5	15,6	11	19
Fossvogsskóli	65	53	353	34,4	30,9	14,2	6,7	10	12
Grandaskóli	50	38	436	17,1	15,8	11,3	11,5	9	12
Hagaskóli	49	37	467	29,3	15,2	22,1	12,6	5	12
Hamraskóli	39	27	372	23,1	21,7	11,5	13,8	6	12
Háteigsskóli	51	39	388	20,8	7,7	7,6	9,9	9	12
Hlíðaskóli	44	31	533	42,8	13,5	13,5	17,2	11	13
Hólabrekkuskóli	64	44	567	36,1	17,8	14,8	12,9	13	20
Húsaskóli	48	31	512	23,6	24,0	14,5	16,5	8	17
Hvassaleitisskóli	69	50	327	18,4	12,7	12,3	6,5	13	19
Klébergsskóli	22	16	121		14,0	7,7	7,6	5	6
Korpuskóli	49	45	202			4,5	4,5	5	4
Langholtsskóli	51	32	537	29,2	13,9	18,3	16,8	11	19
Laugalækjarskóli	29	19	150	13,1	9,8	9,9	7,9	7	10
Laugarnesskóli	44	32	537	44,5	31,9	15,7	16,8	15	12
Melaskóli	47	38	618	31,9	26,1	11,7	16,3	11	9
Réttarholtsskóli	31	23	274	15,3	7,0	9,6	11,9	6	8
Rimaskóli	57	36	764	32,7	39,6	18,6	21,2	13	21
Selásskóli	44	31	427	24,8	21,3	12,1	13,8	8	13
Seljaskóli	67	42	670	41,5	12,2	12,9	16,0	14	25
Vesturbæjarskóli	44	34	325	30,2	21,0	6,2	9,6	11	10
Vogaskóli	37	22	403	25,2	20,3	21,1	18,3	6	15
Ölduselsskóli	70	46	586	19,6	10,4	10,8	12,7	14	24
<b>Samtals</b>	<b>1.632</b>	<b>1.171</b>	<b>14.459</b>	<b>24,0</b>	<b>14,9</b>	<b>12,8</b>	<b>12,3</b>	<b>303</b>	<b>461</b>

1) Tölvur af gerðinni 386 og eldri eru ekki meðtaldar.

## 4 Styrkir og verðlaun

### Barnabókaverðlaun fræðsluráðs

Á árinu veitti fræðsluráð Reykjavíkur barnabókaverðlaun í 28. sinn. Úthlutunarnefnd skipuðu Sigrún Elsa Smáradóttir, formaður, Guðrún Pétursdóttir og Kristrún Ólafsdóttir. Verðlaunin eru tvíþætt. Annars vegar eru þau veitt fyrir frumsamda bók og hins vegar fyrir þýðingu.



Verðlaun árið 2000:

- Gunnar Karlsson fyrir bókina Grýlusaga.
- Guðni Kolbeinsson fyrir þýðingu sína á bókaflokknum Ógnaröfl.

Tafla 4.1

#### Almennir styrkir

Umsækjandi	Fjárhæð
Alnæmissamtökin á Íslandi	100.000
Íþróttafélag fatlaðra	500.000
Leikfélag Reykjavíkur	3.000.000
Myndlistarskólinn í Reykjavík	4.800.000
SAMFOK	2.000.000
Landssamband slökkviliðsmanna	150.000
Austurbæjarskóli*	150.000
Laugalækjarskóli*	150.000
Klébergsskóli*	150.000
<b>Samtals</b>	<b>11.000.000</b>

\*Styrkir vegna afmælishátíða skóla

### Þróunarsjóður grunnskóla Reykjavíkur

Úthlutað var 11 styrkjum úr Þróunarsjóði grunnskóla Reykjavíkur á árinu 2000, að upphæð 8.100.000 kr. (tafla 4.2 á næstu síðu). Alls barst 21 umsókn. Flestir styrkir voru vegna móðurskólaverkefna, samtals átta styrkir til verkefna í sjö grunnskólum. Starfsmenn á Fræðslumiðstöð eru tengiliðir við þá sem vinna að þróunarverkefnum og hafa fengið styrk úr Þróunarsjóði grunnskóla Reykjavíkur. Þeir fylgjast með framvindu verkefna og aðstoða við kynningu á þeim.

### Styrkir frá menntamálaráðuneyti

